

Ársskýrsla 2016

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga



Ársskýrsla LSR og LH 2016

Ávarp stjórnarformanns LSR	3
Stjórn LSR	4
Ávarp stjórnarformanns LH	5
Stjórn LH	6
Hrein eign til greiðslu lífeyris og tekjur af fjárfestingum	7
Ávöxtun	10
Eignir og markaðir	11
Fjárfestingar	14
Verðbréfaeign	15
Fjárfestingarstefna	17
Áhættustefna	19
Hluthafastefna	20
Stjórnarháttayfirlýsing LSR	22

Sjóðfélagalán	24
Séreign LSR	27
Iðgjöld	29
Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur	31
Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar	36
Skuldbindingar	38
Hlutdeild launagreiðenda í skuldbindingum og bakábyrgð	42
Framtíðarsjóðstreymi	44
Starfsfólk LSR	45
Ársreikningar sjóðanna	46
Overview for LSR & LH 2016	
Appendix – LSR & LH	48
The annual accounts of the funds	53

Ávarp stjórnarformanns LSR

Þrjú atriði höfðu meiri áhrif en önnur á afkomu LSR á árinu 2016 og stöðu sjóðsins í árslok. Íslenska krónan styrktist verulega gagnvart erlendri mynt með tilheyrandi áhrifum á uppgjör á erlendum eignum. Launahækkningar voru talsvert meiri en miðað er við í tryggingafræðilegum forsendum. Það hafði aftur áhrif á skuldbindingar sjóðsins, einkum B-deildar hans. Þá hafði lagabreyting sem samþykkt var á Alþingi skömmu fyrir áramót afgerandi áhrif á stöðu A-deildar sjóðsins.

Eftir að hafa skilað góðri ávöxtun á undanföllum árum var ávöxtunin á árinu 2016 í lægri kantinum. Munar þar mestu um að íslenska krónan styrktist um 18,4% á árinu. Erlendar eignir sjóðsins eru gerðar upp í íslenskum krónum og því lækkaði reiknað verðmæti þeirra á árinu. Nafnávöxtun LSR á árinu 2016 var 3,04% sem svarar til 0,93% hreinnar raunávöxtunar, samanborið við 6,53% hreina raunávöxtun að meðaltali síðustu 5 ár þar á undan.

Nokkur munur var á afkomu A- og B-deildar á síðasta ári. Hrein raunávöxtun A-deildar var 2,02% meðan hrein raunávöxtun B-deildar var neikvæð um 1,45%. Munar þarna mestu um ólíkt hlutfall erlendra eigna. A-deild sjóðsins er ört vaxandi deild þar sem iðgjöld eru verulega umfram lífeyri. Þar sem deildin hefur haft takmarkaðar heimildir til að fjárfesta í erlendum verðbréfum á undanföllum árum hefur hlutfall erlendra verðbréfa af heildareignum farið ört lækandi. Þessu er öfugt farið í B-deildinni en þar eru lífeyrisgreiðslur langt umfram árlega innkomu. Það hefur því þurft að selja eignir hjá B-deildinni til að eiga fyrir lífeyrisgreiðslum á hverjum tíma. Stefna sjóðsins hefur verið að halda í erlendu eignina og hefur hlutfall

erlendra verðbréfa því vaxið í B-deildinni og er nú 40,9% á móti 18,1% hjá A-deild.

Gjaldeyrishöftum sem verið höfðu við lýði frá árinu 2008 hefur nú verið aflétt. Það verður krefjandi verkefni á næstu árum að auka hlutfall erlendra eigna hjá A-deildinni. Það er nauðsynlegt til að auka áhættudreifingu í eignasafninu. Þá er það einnig nauðsynlegt vegna takmarkaðs framboðs á innlendum fjárfestingarkostum.

Lífeyrisréttindi sjóðfélaga í B-deild sjóðsins þróast í takt við breytingar sem verða á dagvinnulaunum opinberra starfsmanna. Á síðasta ári hækkaði sú vísitala sem mælir meðalhækkningar á þessum launum um 9,2% sem er talsvert umfram þær forsendur sem miðað er við í tryggingafræðilegum úttektum á skuldbindingum sjóðsins. Staða deildarinnar versnaði því nokkuð og nauðsynlegt er að huga vel að þróun hennar á næstu árum.

Undir lok síðasta árs samþykkti Alþingi breytingar á lögum um A-deild LSR. Breytingar sem þar voru samþykktar höfðu afgerandi áhrif á stöðu deildarinnar og munu hafa mikil áhrif á réttindakerfi fyrir nýja sjóðfélaga eftir að breytingin tekur gildi 1. júní nk. Frá þeim tíma verður tekið upp aldurstengt réttindakerfi í stað kerfis jafnrar tekið upp aldurstengt réttindakerfi í stað kerfis jafnrar réttindaávinnslu. Launagreiðendur hafa fram til þessa borið óbeina ábyrgð á skuldbindingum A-deildar í formi breytilegs iðgjalds. Með lögnum var gerð breyting á þessu fyrirkomulagi þó svo breytingin muni til að byrja með fyrst og fremst hafa áhrif gagnvart nýjum sjóðfélögum.

Samhliða breytingum á réttindakerfi A-deildar greiddi

ríkissjóður umtalsverðar fjárhæðir til deildarinnar. Í fyrsta lagi greiddi ríkissjóður 106,8 milljarða kr. í lífeyrisaukasjóð til að tryggja að núverandi sjóðfélagar muni áfram ávinna sér réttindi í jafnri réttindaávinnslu sambærilegri við það sem þeir hafa notið fram til þessa. Þá greiddi ríkissjóður 10,4 milljarða kr. til að koma áfallinni stöðu í jafnvægi. Loks lagði ríkissjóður fram 8,4 milljarða kr. í varúðarsjóð sem er ætlað að standa að baki lífeyrisaukasjóði.

Rúmlega helmingur framlagsins var greiddur með því að ríkið framseldi lífeyrissjóðnum skuldabréf á Lánasjóð íslenskra námsmanna. Bréfin eru með beinni ábyrgð ríkissjóðs og afborganir af þeim dreifast á næstu 25 ár. Um það bil fjórðungur af framlaginu var greiddur með afhendingu bréfa í tveimur markaðsflokkum ríkisskuldabréfa. Það sem eftir stóð var greitt með gjaldeyri og íslenskum krónum og framsali á lánasamningi með veði í fasteignum.

Þessar greiðslur höfðu eðlilega afgerandi áhrif á stöðu A-deildar. Skuldbindingar höfðu um árabil verið umfram eignir. Eftir innborganir ríkissjóðs er áfallin staða deildarinnar jákvæð um 27,2% og þegar einnig er tekið tillit til framtíðariðgjalda og framtíðarréttinda þá er heildarstaða deildarinnar jákvæð um 2,8%.

Eftir innborganir ríkissjóðs eru heildareignir LSR 720,4 milljarðar kr. Eignir A-deildar eru 497,7 milljarðar kr., B-deildar 208,7 milljarðar kr. og Séreignar 14 milljarðar kr.

Að undanföllum hefur eftirspurn eftir sjóðfélagalánum aukist mikið. Á síðasta ári fóru 18,6 milljarðar kr. í lánveitingar til sjóðfélaga. Lánin eru veitt á samkeppnishæf-

um kjörum og eru á margan hátt góður kostur fyrir sjóðfélaga. Á sama tíma eru þau góður ávöxtunarkostur fyrir lífeyrissjóðinn og falla vel inn í verðbréfasafnið.

Á árinu 2016 greiddu 30.324 sjóðfélagar mánaðarlega iðgjald til LSR. Mikill meirihluti þeirra eða 24.575 greiddu iðgjald til A-deildar en 2.683 sjóðfélagar greiddu í B-deildina og 3.066 sjóðfélagar í Séreign. Lífeyrisgreiðslur hafa farið stigvaxandi og fjöldi lífeyrisþega aukist hratt á síðustu árum. Á árinu greiddi LSR alls 43,5 milljarða kr. í lífeyrisgreiðslur, eða að jafnaði 3,6 milljarða kr. á mánuði. Að meðaltali fengu 19.626 lífeyrisþegar í hverjum mánuði greiðslur frá sjóðnum árið 2016.

Verkefni stjórnar sjóðsins eru margslungin og margvíslegar áskoranir sem stjórn sjóðsins þarf að mæta. Ávöxtun á eignasafni upp á 720 milljarða kr. segir sína sögu. Fjárfestingarumhverfið er flókið og fjárfestingarkostir innanlands takmarkaðir samanbornir við stærð íslenskra lífeyrissjóða. Að auka við erlendar fjárfestingar er nauðsynlegur og eðlilegur kostur fyrir sjóðinn. LSR er stærsti lífeyrissjóður landsins. Miklar eignir gera ríkar kröfur til stjórnarmanna. Samfélagsleg ábyrgð okkar sem erum í forsvari fyrir sjóðinn er mikil.

Fjöldi einstaklinga á réttindi hjá sjóðnum. Þá er þess að gæta að hagsmunir sjóðfélaga geta verið mismunandi og þeir eiga réttindi í deildum sem eru að hluta til ólíkar. Gæta þarf að sérstöðu hvers hóps fyrir sig. Innan LSR eru sjóðfélagar í B-deild sem er að hluta til eftirlaunakerfi. Þá eru ólíkir hópar sjóðfélaga í A-deild og gæta þarf að hagsmunum hvers hóps fyrir sig. Reglur um réttindi og ábyrgðir eru aðrar hjá þeim sem



Stjórn LSR. Frá vinstri: Þórður Á. Hjaltested, Áslaug María Friðriksdóttir, Árni Stefán Jónsson, Þórveig Pormóðsdóttir, Gunnar Björnsson, Unnur Pétursdóttir, Viðar Helgason og Guðrún Ögmundsdóttir.

byrja í A-deild eftir 1. júní nk. en hjá þeim sem eru í sjóðnum fyrir. Síðan gilda sérreglur fyrir þá sjóðfélaga í A-deild sem verða orðnir 60 ára 1. júní nk. og fyrir þá sem verða byrjaðir að taka lífeyri á þeim tímamarki. Innan séreignadeildar er boðið upp á þrjár mismunandi fjárfestingarleiðir þannig að hagsmunir eigenda séreignar eru ekki alltaf þeir sömu.

Ríkar kröfur eru gerðar til lífeyrissjóða um upplýsingagjöf, gagnsæi í starfsemi, samfélagslega ábyrgð og vönduð vinnubrögð. Það er því mikil ábyrgð sem hvílir á þeim sem gefa kost á sér til setu í stjórn sjóðsins. Þeir þurfa að hafa yfirgripsmikla þekkingu á því starfsumhverfi sem sjóðurinn starfar í og lögum og reglum sem um hann gilda. Stjórnin mun hér eftir sem hingað til vinna að því að treysta starfsemi lífeyrissjóðsins til hagsbóta fyrir sjóðfélaga og ábyrgðaraðila sjóðsins.

Fyrir hönd stjórnar LSR þakka ég starfsmönnum sjóðsins, sjóðfélögum og launagreiðendum samstarfið á liðnu ári.

Þórveig Pormóðsdóttir, formaður stjórnar LSR.

Stjórn LSR

Stjórn LSR skipa átta stjórnarmenn. Fjármálaráðherra skipar fjóra þeirra, stjórn BSRB skipar tvo, stjórn BHM skipar einn og stjórn Kennarasambands Íslands skipar einn stjórnarmann. Alls kom stjórnin 24 sinnum saman til formlegra fundarhalda á liðnu ári. Á árinu 2016 var Gunnar Björnsson formaður stjórnar sjóðsins en í ársbyrjun 2017 tók Þórveig Pormóðsdóttir við formennskunni.

Ávarp stjórnarformanns LH

Lífeyrissjóður hjúkunarfræðinga (LH) hefur verið lokaður fyrir nýjum sjóðfélögum frá því í ársbyrjun 1997. Mikill meirihluti hjúkunarfræðinga eða u.þ.b. 90% af þeim sem eru í starfi í dag greiða til A-deildar LSR. Greiðandi sjóðfélögum hefur farið fækkandi ár frá ári. Að meðaltali greiddu 265 sjóðfélagar mánaðarlega iðgjald til LH á síðasta ári og fækkaði þeim um 15,2% milli ára. Iðgjaldagreiðslur til sjóðsins námu 2.160 milljónum kr. Á árinu 2016 námu lífeyrisgreiðslur samtals 3,7 milljörðum kr. og var fjöldi sjóðfélaga sem fengu greiðslur frá sjóðnum að meðaltali 1.056 í hverjum mánuði.

Heildareignir LH til greiðslu lífeyris í árslok 2016 námu 26,4 milljörðum kr. Fjármálamarkaðir voru erfiðir á síðasta ári. Nafnávöxtun var 1,4% á árinu sem svarar til þess að hrein raunávöxtun hafi verið neikvæð um 0,7%. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu fimm árin er 6%.

Sá þáttur sem hafði mest áhrif áávöxtun á árinu var styrking íslensku krónunnar. Alls voru 41,8% af heildareignum LH um síðustu áramót í erlendum gjaldmiðlum. Það ber vott um góða áhættudreifingu. En þegar íslenska krónan styrkist eins og raunin hefur verið að undanförunu, lækkar reiknað verðmæti erlendu eignarinnar.

LH er í þeirri stöðu að mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur eru talsvert umfram greiðslur til sjóðsins. Sjóðurinn hefur því þurft að selja eignir til að eiga laust fé fyrir lífeyrisgreiðslum. Fram til þessa hefur sjóðurinn fylgt þeirri megin stefnu að halda í erlendar

eignir en selja frekar innlendar. Reikna má með að þarna þurfi að verða breyting á og að lífeyrissjóðurinn muni selja jöfnum höndum innlendar og erlendar eignir til að mæta auknum lífeyrisgreiðslum.

Á Alþingi hefur verið lagt fram frumvarp um brottfall laga um Lífeyrissjóð hjúkunarfræðinga og að sjóðurinn verði sameinaður B-deild LSR. Hér er um tvo sambærilega sjóði að ræða, réttindakerfi þeirra er byggt upp á sambærilegan hátt og báðir eru sjóðirnir lokaðir fyrir nýjum sjóðfélögum. Fjöldi sjóðfélaga, iðgjaldagreiðslur og lífeyrisgreiðslur munu að óbreyttu þróast á sama hátt í framtíðinni. Þá munu tryggingafræðilegar forsendur LH og B-deildar að óbreyttu þróast á sama veg.

Verði frumvarpið að lögum tekur samruninn gildi frá og með næstu áramótum. Þá mun B-deild LSR taka við öllum eignum og skuldbindingum LH. Sjóðfélagar í LH munu frá 1. janúar nk. eiga rétt til aðildar að B-deild LSR, með sömu réttindum og þeir hafa áunnið sér. Þannig verður þess gætt að enginn tapi réttindum við breytinguna.

Náið samstarf hefur verið um starfrækslu milli LSR og LH. Með því fyrirkomulagi hefur náðst hagkvæmni í rekstri. Má þar m.a. nefna sameiginlegt skrifstofuhúsnæði, sameiginlegt starfsfólk ásamt samnýtingu á búnaði og tölvukerfum. Þá hafa sjóðirnir notið stærðarhagkvæmni í samningum við erlenda fjárvörsluaðila. Þetta samstarf hefur verið sérstaklega hagkvæmt fyrir LH sem er mun minni sjóður en LSR.

Stjórn LH hafði á sínum tíma frumkvæði að því að könnuð væri hagkvæmni þess að sameina sjóðinn B-deild LSR. Stjórnin skipaði starfshóp sem gerði úttekt og skilaði árið 2013 af sér skýrslu um kosti þess og galla að sameina sjóðina og frá þeim tíma hefur málið verið í skoðun.

Í skýrslunni voru tilgreindar þrjár mismunandi leiðir sem fara mætti og taldar voru færar við að sameina sjóðina. Þær væru mismunandi og náðu mislangt við samþættingu sjóðanna. Markmið með þeim öllum var að einfalda starfsemina og ná fram hagræðingu, en á sama tíma að gæta að því að réttindi sjóðfélaga væru þau sömu fyrir og eftir breytinguna. Nú hefur sú leið verið valin sem lengst gengur og sett fram í frumvarpi til Alþingis, það er, full sameining þar sem LSR tekur yfir allar eignir og skuldbindingar LH. Í ljósi stöðunnar í dag og enn frekar í ljósi þróunar sjóðanna í framtíðinni er það rétt skref.

Fyrir hönd stjórnar LH þakka ég starfsmönnum sjóðsins, sjóðfélögum og launagreiðendum samstarfið á árinu.

Halldóra Friðjónsdóttir, formaður stjórnar LH.



Stjórn LH. Frá vinstri: Halldóra Friðjónsdóttir, Oddur Gunnarsson, Ragnheiður Gunnarsdóttir og Guðjón Hauksson.


Stjórn LH

Stjórn LH skipa fjórir stjórnarmenn. Fjármálaráðherra skipar tvo þeirra og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga tvo. Núverandi stjórn tók við um síðustu áramót en skipunartími er þrjú ár í senn. Alls kom stjórnin 11 sinnum saman til fundar á liðnu ári. Á árinu 2016 var Guðjón Hauksson formaður stjórnar sjóðsins en í ársbyrjun 2017 tók Halldóra Friðjónsdóttir við formennskunni.

Hrein eign til greiðslu lífeyris og tekjur af fjárfestingum



Uppruni aukinna eigna 2007–2016



- Hreinar fjárfestingartekjur
- Iðgjöld ásamt lífeyrishækkunum umfram lífeyrisgreiðslur og kostnað
- Greiðslur ríkissjóðs inn á skuldbindingar og uppgjör skuldbindinga
- Greiðslur vegna lífeyrisauka

Samanlagðar eignir LSR og LH voru 746,9 milljarðar kr. í árslok 2016 og hækkuðu þær um 125,2 milljarða milli ára eða 20,1%. Á árinu 2016 greiddi ríkissjóður aukalega inn í A-deild LSR 117,2 milljarða kr. sem skýrir mikla aukningu eigna á árinu.

Frá upphafi árs 2007 til loka árs 2016 hefur samanlögð hrein eign LSR og LH til greiðslu lífeyris aukist úr 304,4 milljörðum kr. í 746,9 milljarða kr. Aukningin nemur 442,5 milljörðum kr. á tímabilinu sem jafngildir því að árleg meðalaukning eigna hafi verið 9,4%. Af

Uppruni aukinna eigna 2007–2016

(í millj. kr.)	A-deild	B-deild	Séreign	LH	Samtals
Hreinar fjárfestingartekjur	140.753	120.499	5.553	13.517	280.322
Iðgjöld ásamt lífeyrishækkunum umfram lífeyrisgreiðslur og kostnað	148.556	(131.416)	2.769	(11.135)	8.774
Greiðslur ríkissjóðs inn á skuldbindingar og uppgjör skuldbindinga	10.418	34.210	0	1.914	46.542
Greiðslur vegna lífeyrisauka	106.812	0	0	0	106.812
Samtals aukning eigna	406.538	23.294	8.322	4.297	442.451

Hrein eign til greiðslu lífeyris

(í millj. kr.)	2016	2015	Breyting milli ára
A-deild LSR	497.723	350.355	42,1%
B-deild LSR	208.695	229.582	-9,1%
Séreign LSR	13.996	13.356	4,8%
Lsj. hjúkrunarfræðinga	26.444	28.373	-6,8%
Samtals	746.858	621.666	20,1%


Hreinar fjárfestingartekjur

(í millj. kr.)	2016	2015	Breyting milli ára
A-deild LSR	10.597	31.910	-66,8%
B-deild LSR	(1.598)	17.132	-109,3%
Séreign LSR	177	815	-78,2%
Lsj. hjúkrunarfræðinga	(262)	2.137	-112,3%
Samtals	8.914	51.994	-82,9%

aukningu eigna voru fjárfestingartekjur rúmlega 63% eða 280,3 milljarðar kr. á meðan iðgjöld ásamt lífeyris-hækkunum umfram lífeyri og kostnað námu einungis 8,8 milljörðum kr. en það er þó mjög breytilegt milli deilda LSR og LH. Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar og uppgjör skuldbindinga ásamt lífeyris-auka námu 153,4 milljörðum kr. á tímabilinu.

Í töflu á bls. 7 sést að inn- og útlæði sjóðanna hefur verið afar ólíkt undanfarin 10 ár og þar af leiðandi þróun eigna. Eignir A-deildar LSR hafa sem dæmi aukist um 406,5 milljarða kr. á tímabilinu á meðan aukning á eignum B-deildar LSR og LH hefur samanlagt numið

Hrein eign til greiðslu lífeyris




■ A-deild LSR ■ B-deild LSR ■ Séreign LSR ■ LH

27,6 milljörðum kr. Eignir Séreignar LSR hafa aukist um 8,3 milljarða kr. eða 147%.


Fjárfestingartekjur sjóðanna voru 8,9 milljarðar kr. á síðasta ári og lækkuðu um 82,9% frá árinu áður. Innlend skuldabréf skiluðu góðri ávöxtun á síðasta ári en fjárfestingartekjur af innlendum hlutabréfum voru óverulegar. Vegna styrkingar íslensku krónunnar skil-uðu erlend hlutabréf neikvæðri ávöxtun og skýrir það einna helst lækkun fjárfestingartekna milli ára.

Hreinar fjárfestingartekjur




■ A-deild LSR ■ B-deild LSR ■ Séreign LSR ■ LH

Hrein raunávöxtun



5 ára meðaltal hreinnar raunávöxtunar



Miklar sveiflur hafa verið á verðbréfamörkuðum undanfarin 10 ár og hefur ávöxtun sjóðanna verið í samræmi við það eins og sést á meðfylgjandi súluriti.



Ávöxtun

Nafnávöxtun LSR á árinu 2016 var 3% sem samsvarar 0,9% raunávöxtun samanborið við 6,6% á árinu 2015. Hrein raunávöxtun, þ.e. þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var jafnframt 0,8% en 6,5% á árinu 2015. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðustu 5 árin er 6,3% og meðaltal síðustu 10 ára er 0,7%.

Nafnávöxtun LH á árinu 2016 var 1,4% sem samsvarar -0,7% raunávöxtun samanborið við 5,4% á árinu 2015. Hrein raunávöxtun LH var -1% á árinu 2016 en 5,1% árið áður. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LH síðustu 5 árin er 6% og meðaltal síðustu 10 ára er 0,25%.

Í töflunni hér til hliðar má sjá ávöxtun og eignasamsetningu allra deilda LSR og LH á árinu 2016. Skuldabréfaeign A-deildar LSR, B-deildar LSR og LH er gerð upp að hluta til á kaupkröfu annars vegar og á markaðsvirði hins vegar. Breytingar á ávöxtunarkröfu skuldabréfa hafa einungis áhrif á þann hluta skuldabréfasafns sjóðanna sem gerður er upp á markaðsvirði. Þegar ávöxtunarkrafa á markaði lækkar, þá hækkar virði bréfa og öfugt. Í árslok var skuldabréfaeign Séreignar LSR að mestu leyti í skuldabréfasjóðum og er hún því gerð upp á markaðsvirði. Ávöxtun er reiknuð samkvæmt reglum um ársreikninga lífeyrissjóða.



Ávöxtun og eignasamsetning 2016

	A-deild	B-deild	Séreign Leið I	Séreign Leið II	Séreign Leið III	LSR	LH
Nafnávöxtun	4,3%	0,8%	-1,3%	0,9%	4,5%	3,0%	1,4%
Hrein raunávöxtun	2,0%	-1,5%	-3,4%	-1,3%	2,3%	0,8%	-1,0%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára	6,2%	6,3%	4,6%	4,6%	2,1%	6,3%	6,0%

Eignasamsetning í árslok 2016

Innlán	7,5%	3,6%	3,1%	9,4%	100,0%	7,1%	5,2%
Skuldabréf	62,1%	45,9%	42,1%	57,1%		56,7%	44,1%
Innlend hlutabréf	13,0%	11,0%	15,8%	9,6%		12,3%	11,0%
Erlend hlutabréf	14,6%	35,8%	37,0%	22,1%		20,9%	36,5%
Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	2,8%	3,7%	2,0%	1,8%		3,0%	3,2%

Eignir og markaðir

Skuldabréf

Nafnávöxtun skuldabréfasafns LSR og LH var 9,7% á árinu 2016 sem samsvarar 7,4% raunávöxtun. Ávöxtun á innlendum skuldabréfamarkaði var ágæt árið 2016 og þá sér í lagi ávöxtun óverðtryggðra skuldabréfa. Það sem studdi við góða ávöxtun óverðtryggðra skuldabréfa var m.a. lág verðbólga, hækkun á láns-hæfiseinkunn ríkissjóðs Íslands og lækkun meginvaxta Seðlabanka Íslands.

Á árinu 2016 mældist verðbólgan 1,9% og var því undir verðbólguþröngmiði Seðlabanka Íslands sem er 2,5%. Fundir peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands voru samtals átta á árinu og voru meginvextir bankans lækk-aðir um 0,75% á árinu. Meginvextir í lok árs voru 5,0%.



10 stærstu skuldarar í árslok 2016 (LSR og LH)

Skuldari	Í millj. kr.	Hlutföll
Íbúðalánasjóður	103.086	30,1%
Ríkissjóður Íslands	88.444	25,9%
Lánasjóður íslenskra námsmanna	60.801	17,8%
Reitir fasteignafélag hf.	9.672	2,8%
Arion banki hf.	7.433	2,2%
Lánasjóður sveitarfélaga	7.245	2,1%
Eik fasteignafélag hf.	6.243	1,8%
Landsvirkjun	6.078	1,8%
Íslandsbanki hf.	5.750	1,7%
Landsbankinn hf.	4.146	1,2%

Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisskuldabréfa (RIKB) á árinu 2016




Ávöxtunarkrafa stuttra og langra íbúðabréfa (HFF) á árinu 2016



Innlend hlutabréf

Innlend hlutabréfaeign LSR og LH samanstendur af bæði skráðum og óskráðum hlutabréfum. Ávöxtun á innlenda hlutabréfamarkaðnum var neikvæð en íslenska hlutabréfavísitalan OMXIGI lækkaði um 4,7% að teknu tilliti til arðs. Skráð hlutabréf í eigu LSR og LH lækkuðu um 1,4%. Stærstu skráðu félögin í safni LSR og LH í lok árs 2016 voru Marel hf., Icelandair Group hf. og Össur hf. Ein nýskráning var á íslenskum hlutabréfamarkaði á árinu 2016 en hlutabréf Skeljungs hf. voru tekin til viðskipta á aðalmarkaði NASDAQ OMX Iceland. Stærstu óskráðu félögin í safni LSR og LH voru Jarðvarmi slhf., en það félag heldur utan um fjárfestingu í HS Orku hf., og SF III slhf. sem heldur utan um fjárfestingu í Jarðborunum hf.

Þróun OMXI8 með arði á árinu 2016



Erlend hlutabréf

Erlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini í safni LSR og LH, reiknuð í íslenskum krónum, lækkuðu að nafnvirði um 8,2% á árinu 2016 sem svarar til 10,1% neikvæðrar raunávöxtunar. LSR og LH eru í samstarfi við erlenda fjárvörsluaðila um ávöxtun fjármuna sjóðanna á erlendum verðbréfamörkuðum. Við val á fjárvörsluaðilum er horft til áhættudreifingar, ólíkrar aðferðafræði, reynslu, árangurs og mismunandi fjárfestingarstefnu. Leitað er eftir samstarfi við trausta aðila sem hafa náð góðum árangri yfir lengri tíma og veita góða og samkeppnishæfa þjónustu. Í töflu á næstu síðu má sjá sundurliðun á stærstu erlendu verðbréfasjóðunum í safni LSR og LH, eftir tegundum sjóða.


Heimsvísitala hlutabréfa, MSCI, hækkaði um 7,5% í dollurum en lækkaði um 8,5% í krónum talið. Ávöxtun hlutabréfa í Bandaríkjunum var 10,9% í dollurum. Hlutabréf í Evrópu hækkuðu um 2,6% í evrum. Hlutabréf í nýmarkaðsríkjum hækkuðu um 11,2% í dollurum.

Gengisvísitala íslensku krónunnar styrktist um 18,4% gagnvart erlendum gjaldmiðlum á árinu 2016. Styrking krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar var 14,9% og 18,6% gagnvart evru. Hér til hliðar má sjá yfirlit yfir þróun gengisvísitölu íslensku krónunnar á árinu og á næstu síðu má sjá yfirlit yfir þróun heimsvísitölu hlutabréfa, í dollurum.

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu

Undir sjóði um sameiginlega fjárfestingu falla innlendir og erlendir framtaks- og fasteignasjóðir. Eignir LSR og LH í framtakssjóðum námu 21,9 milljörðum kr. og eignir í fasteignasjóðum námu 509 milljónum kr. í árslok 2016. Á árinu 2016 voru nettóendurgreiðslur úr sjóðum um sameiginlega fjárfestingu tæpir 2,5 milljarðar kr. sem skiptust þannig að endurgreiðslur úr framtakssjóðum umfram innkallanir námu 2,3 milljörðum og endurgreiðslur úr fasteignasjóðum námu 133 milljónum kr. Í árslok var vægi eignaflokksins 4,5% af heildareignum eða tæpir 27 milljarðar kr.

Þróun gengisvísitölu krónunnar á árinu 2016



Þróun MSCI með arði á árinu 2016 í USD



Erlend verðbréf eftir tegundum sjóða 2016 (LSR og LH)

Sérgreind söfn	Í millj. kr.	Hlutföll
Morgan Stanley	10.283	5,8%
EFG Global Equity	6.539	3,7%
ETF Credit Suisse	4.969	2,8%
	21.792	12,2%

Erlend hlutdeildarskírteini

MFS FCP Global Equity	27.858	15,6%
Vanguard Global Stock Index	22.650	12,7%
Schroder Global Core	15.638	8,8%
Schroder Global Quant Value	11.319	6,3%
T. Rowe Price US Large Growth	9.479	5,3%
Aðrir sjóðir	50.319	28,2%
	137.263	76,9%

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu

Oberon Credit Investment Fund II	1.952	1,1%
AIP Private Markets Fund VI LP	1.580	0,9%
Schroder Private Equity III	1.430	0,8%
Oberon Credit Investment Fund III	1.331	0,7%
Morgan Stanley Emerging Private Markets	1.327	0,7%
Aðrir sjóðir	11.742	6,6%
	19.360	10,9%

Samtals	178.415	100,0%
----------------	----------------	---------------

Fjárfestingar



Á liðnu ári keyptu LSR og LH verðbréf og veittu lán fyrir samtals 36 milljarða kr. að teknu tilliti til seldra bréfa og uppgreiddra lána. Alls námu nettókaup skuldabréfa 19,6 milljörðum kr. og nettókaup hlutabréfa námu 18,9 milljörðum kr. sem skiptust þannig að nettókaup innlendra hlutabréfa námu 6,9 milljörðum kr. og nettókaup erlendra hlutabréfa námu 12 milljörðum kr. Endurgreiðslur frá sjóðum um sameiginlega fjárfestingu námu 2,5 milljörðum kr. Nettóútlán til sjóðfélaga námu 14,3 milljörðum kr. sem skiptust þannig að útlán til sjóðfélaga námu 18,7 milljörðum kr. og uppgreiðslur lána námu 4,4 milljörðum kr. Sundurliðun fjárfestinga

allra deilda LSR og LH á árinu 2016 má sjá í töflunni hér að neðan. Þar að auki lagði ríkið til framlag að fjárhæð 117,2 milljarða kr. vegna breytinga á A-deild LSR í formi skuldabréfa, gjaldeyris og íslenskra króna.

Fjárfestingarloforð í innlendum framtakssjóðum, fasteignasjóðum og samlagshlutafélögum námu 26,1 milljarði kr. og í árslok 2016 höfðu um 69,3% af þeirri fjárhæð verið innkölluð. Fjárfestingarloforð í erlendum framtak- og fasteignasjóðum námu 39,4 milljörðum kr. og í árslok 2016 höfðu um 74,7% af þeirri fjárhæð verið greidd í sjóðina.


Nettófjárfestingar 2016

(í millj. kr.)	A-deild	B-deild	Séreign	LSR	LH	Samtals
Ríkistryggð bréf	(8.499)	(3.052)	0	(11.551)	(225)	(11.776)
Skuldabréf sveitarfélaga	2.043	0	0	2.043	0	2.043
Skuldabréf lánastofnana	10.878	904	0	11.782	181	11.963
Sjóðfélagalán	14.378	69	0	14.447	(114)	14.333
Innlendir skuldabréfasjóðir	(2.743)	0	(152)	(2.895)	0	(2.895)
Önnur skuldabréf	5.280	555	0	5.835	74	5.909
Skuldabréf	21.337	(1.524)	(152)	19.661	(84)	19.577
Innlend hlutabréf	5.153	1.496	115	6.763	121	6.885
Erlend hlutabréf	15.207	(3.537)	368	12.039	(42)	11.996
Hlutabréf	20.360	(2.041)	483	18.802	79	18.881
Framtakssjóðir	(860)	(1.177)	(44)	(2.081)	(245)	(2.325)
Fasteignasjóðir	(41)	(79)	(2)	(122)	(10)	(133)
Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	(901)	(1.256)	(46)	(2.203)	(255)	(2.458)
Fjárfestingar alls	40.796	(4.821)	285	36.260	(260)	36.000


Verðbréfaeign

Í árslok 2016 nam verðbréfaeign sjóðanna 742,2 milljörðum kr. Fjárhæðin skiptist þannig að eign í skuldabréfum var 417,2 milljarðar kr., eign í innlendum hlutabréfum var 91,2 milljarðar kr. og eign í erlendum hlutabréfum var 159,1 milljarður kr. Fjárfestingar í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu námu 22,4 milljörðum kr. og innlán námu 52,4 milljörðum kr. í árslok. Skiptingu verðbréfaeignar A- og B-deilda LSR, LH og Séreignar LSR í árslok 2016 má sjá í töflu á næstu síðu. Samsetning eigna hefur breyst nokkuð frá fyrra ári. Vægi skuldabréfa er nú 56,2% af verðbréfaeign samanborið við 49% árið áður. Vægi erlendra hlutabréfa hefur lækkað úr 26,4% í 21,4% og vægi innlendra hlutabréfa hefur lækkað úr 14,1% í 12,3%. Vægi sjóða um sameiginlega fjárfestingu er 3% í stað 4,4% árið áður og innlán eru 7,1% af eignum í stað 6,2% árið 2015.

Verðbréfaeign LSR og LH 2016



Þróun verðbréfaeignar LSR og LH 2007–2016



Verðbréfaeign 2016

(í millj. kr.)							Hlutföll					
	A-deild	B-deild	Séreign	LSR	LH	Samtals	A-deild	B-deild	Séreign	LSR	LH	Samtals
Ríkistryggð bréf	207.315	54.462	3.017	264.793	7.866	272.659	42,0%	26,1%	21,6%	37,0%	29,8%	36,7%
Skuldabréf sveitarfélaga	12.845	7.423	244	20.512	909	21.420	2,6%	3,6%	1,7%	2,9%	3,4%	2,9%
Skuldabréf lánastofnana	15.856	1.841	134	17.830	317	18.147	3,2%	0,9%	1,0%	2,5%	1,2%	2,4%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	467	0	0	467	0	467	0,1%	0,0%	0,0%	0,1%	0,0%	0,1%
Sjóðfélagalán	43.380	25.029	0	68.409	1.615	70.024	8,8%	12,0%	0,0%	9,6%	6,1%	9,4%
Önnur skuldabréf	26.539	6.918	74	33.532	944	34.477	5,4%	3,3%	0,5%	4,7%	3,6%	4,6%
Skuldabréf	306.401	95.672	3.468	405.542	11.651	417.193	62,1%	45,9%	24,8%	56,7%	44,1%	56,2%
Innlend hlutabréf	64.090	23.027	1.130	88.247	2.905	91.152	13,0%	11,0%	8,1%	12,3%	11,0%	12,3%
Erlend hlutabréf	72.113	74.660	2.641	149.414	9.641	159.055	14,6%	35,8%	18,9%	20,9%	36,5%	21,4%
Hlutabréf	136.203	97.687	3.772	237.661	12.545	250.207	27,6%	46,8%	27,0%	33,2%	47,5%	33,7%
Framtakssjóðir	13.518	7.452	145	21.115	796	21.911	2,7%	3,6%	1,0%	2,9%	3,0%	3,0%
Fasteignasjóðir	202	263	9	474	35	509	0,0%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%	0,1%
Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	13.720	7.715	154	21.589	832	22.420	2,8%	3,7%	1,1%	3,0%	3,2%	3,0%
Verðbréf alls	456.324	201.074	7.394	664.792	25.028	689.820	92,5%	96,4%	52,8%	92,9%	94,8%	92,9%
Innlán	36.881	7.527	6.597	51.005	1.362	52.367	7,5%	3,6%	47,2%	7,1%	5,2%	7,1%
Heildareignir	493.205	208.600	13.992	715.797	26.390	742.187	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%

Fjárfestingarstefna

Í fjárfestingarstefnu LSR og LH eru tilgreindar megináherslur sem unnið er eftir við ávöxtun á fjármunum sjóðanna. Þær miða að því að tryggja góða ávöxtun til lengri tíma en jafnframt að takmarka áhættu eftir því sem kostur er. Leitast er við að ná þessu með því að ákveða eignasamsetningu samkvæmt fyrirfram mót- aðri fjárfestingarstefnu, tryggja eignir sem best og vanda til allra ákvarðana um fjárfestingar og vörslu á eignum sjóðanna. Í fjárfestingarstefnu er tekið á þátt- um eins og árangursmælingum og hámarkseignum í einstökum eignaflokkum ásamt öðrum takmörkunum á fjárfestingum.

Fjárfestingarstefnur LSR og LH gilda til 5 ára í senn en þær skal endurskoða eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Við þá endurskoðun er tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á innlendum og erlendum verðbréfamörk- uðum, breytinga sem orðið hafa á umhverfi lífeyrissjóð- anna og annarra ytri skilyrða sem áhrif hafa á rekstur og starfsumhverfi þeirra. Í fjárfestingarstefnunni eru sett fram markmið um eignasamsetningu sjóðanna. Fjárf- estingastefna A-deildar LSR er ólík stefnum B-deildar LSR og LH vegna þess að greiðslufæði þessara deilda hefur þróast með ólíkum hætti. Einungis A-deild LSR tekur við nýjum sjóðfélögum en B-deild LSR og LH lok- uðu fyrir nýjum sjóðfélögum í ársbyrjun 1997. Það veld- ur því að hlutfall iðgjalda af ráðstöfunarfé B-deildar LSR og LH fer minnkandi á meðan hlutfall lífeyrisgreiðslna fer vaxandi og mun svo verða um ókomna tíð.

A-deild LSR

Markmið um eignasamsetningu fyrir árið 2017 voru ákveðin þannig að vægi innlána er 2%, skuldabréfa 53%, innlendra hlutabréfa 14%, erlendra hlutabréfa 27% og vægi sjóða um sameiginlega fjárfestingu er 4%. Vægi gengisbundinna verðbréfa er samtals 32% í fjárfestingarstefnu A-deildar LSR.

B-deild LSR og LH

Markmið um eignasamsetningu fyrir árið 2017 voru ákveðin þannig að vægi innlána er 3%, skuldabréfa 52%, innlendra hlutabréfa 7%, erlendra hlutabréfa 35% og vægi sjóða um sameiginlega fjárfestingu er 3%. Vægi gengisbundinna verðbréfa er samtals 39% í fjár- festingastefnum B-deildar LSR og LH.

Fjárfestingarstefna A-deildar LSR, B-deildar LSR og LH

	A-deild	Vikmörk		B-deild	Vikmörk		LH	Vikmörk	
Innlán	2%	0%	10%	3%	0%	10%	3%	0%	10%
Skuldabréf	53%	40%	70%	52%	30%	65%	52%	30%	65%
Ríkistryggð bréf	28%	15%	45%	29%	20%	40%	32%	20%	40%
Skuldabréf sveitarfélaga	3%	0%	10%	4%	0%	10%	4%	0%	10%
Skuldabréf lánastofnana	4%	0%	10%	3%	0%	10%	5%	0%	10%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	13%	5%	25%	10%	5%	20%	5%	0%	10%
Önnur skuldabréf	5%	0%	10%	6%	0%	10%	6%	0%	10%
Hlutabréf	41%	20%	50%	42%	25%	55%	42%	25%	55%
Innlend hlutabréf	14%	5%	25%	7%	5%	15%	7%	5%	15%
Erlend hlutabréf	27%	10%	40%	35%	20%	50%	35%	20%	50%
Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	4%	0%	10%	3%	0%	10%	3%	0%	10%
Fjárfesting í íbúðarhúsnaði	0%	0%	1%	0%	0%	1%	0%	0%	1%
Þar af gengisbundin verðbréf	32%	20%	45%	39%	20%	50%	39%	20%	50%



Séreign LSR

Samkvæmt fjárfestingarstefnu fyrir Leið I er vægi innlána 3%, skuldabréfa 40%, innlendra hlutabréfa 15%, erlendra hlutabréfa 40% og vægi sjóða um sameiginlega fjárfestingu er 2%. Vægi gengisbundinna verðbréfa er samtals 42% í fjárfestingarstefnu Leiðar I. Samkvæmt fjárfestingarstefnu fyrir Leið II er vægi innlána 3%, skuldabréfa 60%, innlendra hlutabréfa 10%, erlendra hlutabréfa 25% og vægi sjóða um sameiginlega fjárfestingu er 2%. Vægi gengisbundinna verðbréfa er samtals 27% í fjárfestingarstefnu Leiðar II. Í Leið III er séreignarsparnaðurinn ávaxtaður að öllu leyti á verð-

tryggðum innlánsreikningum. Sjóðfélagar geta einnig valið svokallaða Sér-leið þar sem þeir hafa val um Leið I og Leið II framan af en svo flyst inneign sjálfkrafa yfir í Leið III með jöfnum mánaðarlegum yfirfærslum frá 55 ára aldri til 58 ára aldurs.

Fjárfestingarstefna Séreignar LSR

	Leið I	Vikmörk		Leið II	Vikmörk		Leið III
Innlán	3%	0%	15%	3%	0%	15%	100%
Skuldabréf	40%	20%	70%	60%	30%	90%	
Ríkistryggð bréf	30%	10%	60%	45%	20%	70%	
Skuldabréf sveitarfélaga	3%	0%	10%	4%	0%	15%	
Skuldabréf lánastofnana	4%	0%	10%	6%	0%	15%	
Fasteignaveðtryggð skuldabréf	0%	0%	10%	0%	0%	10%	
Önnur skuldabréf	3%	0%	6%	5%	0%	6%	
Hlutabréf	55%	20%	60%	35%	10%	40%	
Innlend hlutabréf	15%	0%	21%	10%	0%	16%	
Erlend hlutabréf	40%	20%	50%	25%	10%	40%	
Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	2%	0%	10%	2%	0%	10%	
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	0%	0%	1%	0%	0%	1%	
Þar af gengisbundin verðbréf	42%	20%	65%	27%	10%	50%	

Áhættustefna

Meginmarkmið með áhættustefnu sjóðanna er að skilgreina áhættu, áhættueftirlit og áhættuvilja. Með áhættustefnunni er m.a. stuðlað að því að sjóðirnir nái settum markmiðum í starfsemi sinni með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum ásamt því að gæta þess að lögum, reglum settum á grundvelli þeirra, samþykktum sjóðanna og öðrum innri reglum sé framfylgt.

Áhættustefnan byggir á leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins um áhættustýringu samtryggingardeilda lífeyrissjóða og áhættustýringu vörsluaðila sér eignarsparnaðar. Hún byggir jafnframt á lögum og reglugerðum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sérlögum sem gilda um LSR og LH ásamt reglugerð um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar.

Samspil við fjárfestingarstefnu

Fjárfestingarstefna sjóðanna gegnir mikilvægu hlutverki við áhættustýringu þeirra. Þar er m.a. markaður rammi fyrir ráðstöfun fjármuna sjóðsins eftir eignaflokkum og takmarkanir á mótaðilaáhættu. Sjóðirnir leitast við að ná sem bestri ávöxtun að teknu tilliti til áhættu.

Áhættueftirlit

Áhættueftirlit er umtalsverður hluti áhættustýringar. Forstöðumaður áhættustýringar hefur yfirumsjón með áhættueftirliti en sjálf framkvæmdin dreifist á starfsfólk sjóðsins eftir ábyrgðarsviði hvers og eins. Formlegt áhættueftirlit er að stærstum hluta framkvæmt með skilgreindum og tímasettum áhættueftirlitsaðgerðum, en einnig er hluta eftirlits fullnægt með gæðaeftirliti, verkferlum og öryggisstjórnkerfi sjóðsins. Áhættu-

eftirlitið er endurskoðað eins oft og þurfa þykir en þó ekki sjaldnar en árlega.

Áhættustýring

Stjórnir sjóðanna bera endanlega ábyrgð á að fullnægjandi áhættustýring sé til staðar en framkvæmdastjóri og forstöðumaður áhættustýringar sjá um framkvæmd áhættustýringar fyrir hönd þeirra. Þá gegnir endurskoðunarnefnd sjóðanna, sem og innri og ytri endurskoðendur, mikilvægu hlutverki við að tryggja gæði áhættustýringar.

Í áhættustefnu eru skilgreindir fimm meginflokkar áhættu og 29 undirflokkar þeirra:

Fjárhagsleg áhætta	Lausafjáraáhætta	Lífeyrisskuldbindingaáhætta	Mótaðilaáhætta	Rekstraráhætta
<ul style="list-style-type: none">Eignir og skuldbindingar utan efnahagsreikningsGjaldmiðlaáhættaMarkaðsáhættaÓsamræmisáhættaUppgreiðsluáhættaVaxtaáhættaVerðbólguáhætta	<ul style="list-style-type: none">SeljanleikaáhættaÚtstreymisáhætta	<ul style="list-style-type: none">SkerðingaráhættaÁhætta vegna halla á lífeyrisaukaBakábyrgðaráhættaIðgjaldaáhættaLýðfræðileg áhættaRéttindaflutningsáhættaUmhverfisáhætta	<ul style="list-style-type: none">AfhendingaráhættaLandsáhættaSambjöppunaráhættaUppgjörsáhættaÚtlánaáhætta	<ul style="list-style-type: none">Áhætta vegna svikaÁhætta vegna upplýsingatækniÁhætta vegna úthýsingarOrðsporsáhættaPólitísk áhætta, lög og reglurSkjalaáhættaStarfsmannaáhættaUpplýsingaáhætta

Hluthafastefna

LSR er langtímafjárfestir sem leitast við að ná góðri ávöxtun á fjárfestingar sínar, en jafnframt að vera ábyrgur hluthafi sem stuðlar að framþróun starfshátta á hlutabréfamarkaði. LSR gerir kröfu til þess að fyrirtæki, sem sjóðurinn fjárfestir í, sýni ábyrgð gagnvart samfélagslegum gildum, umhverfinu og að starfað sé í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Við mat á starfsháttum fyrirtækja horfir sjóðurinn m.a. til aðstæðna á markaði, laga og almennt viðurkenndra reglna og gilda. Við mat á virkni LSR sem fjárfestis er m.a. litið til eignarhlutdeildar, fjárhæðar og samkeppnisumhverfis.

Val á stjórnarmönnum og kröfur til þeirra

Stjórn LSR mun meta í hverju tilviki fyrir sig hvort gerð verði tillaga um stjórnarmann fyrir hluthafafund þar sem kosning stjórnar hjá viðkomandi fyrirtæki fer fram. Ákveði LSR að gera tillögu um stjórnarmann í fyrirtækjum sem sjóðurinn á eignarhlut í er valnefnd sjóðsins falið það hlutverk að leggja tillögu fyrir stjórn, sem tekur ákvörðun um hvaða einstakling eða einstaklinga sjóðurinn styður til stjórnarsetu í viðkomandi fyrirtæki. Valnefnd samanstendur af tveimur stjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og forstöðumanni eignastýringar.

Framkvæmdastjóri skal kynna hluthafastefnu sjóðsins fyrir þeim einstaklingum sem fyrirhugað er að gera tillögu um til stjórnarsetu í fyrirtækjum til að ganga úr skugga um hvort þeir telji sig geta starfað í anda stefnunnar. LSR mun í kjölfar aðalfunda birta upplýsingar á vefsíðu sjóðsins um hvernig fulltrúar sjóðsins hafa greitt atkvæði í stjórnarkjöri í hverju fyrirtæki fyrir sig.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri LSR skulu ekki taka sæti í stjórnnum fyrirtækja í umboði sjóðsins eða sem sjóðurinn fjárfestir í. Starfsmenn sjóðsins geta tekið sæti í stjórnnum, fjárfestingarráðum og ráðgjafarráðum fyrirtækja sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins eða fyrirtækjum, sem sjóðurinn á hlut í, og hafa eingöngu fjárvörslu og fjármálaumsýslu að markmiði.

LSR gerir kröfu um að stjórnarmenn í fyrirtækjum, sem sjóðurinn fjárfestir í, sinni stjórnarstarfi sínu af heilindum, kostgæfni og í samræmi við góða stjórnarhætti. Stjórnarmenn skulu taka virkan þátt í stjórnarstörfum og vera sjálfstæðir í störfum sínum.

LSR styður almennt ekki stjórnarmann ef seta hans í öðrum stjórnnum getur haft neikvæð áhrif á ákvarðanatöku hans í málefnum er varða viðkomandi fyrirtæki eða ef fyrirjáanlegt er að hann verði meira og minna vanhæfur til ákvarðanatöku í mikilvægum málum sökum hagsmunaárekstra.

Samsetning stjórnar ætti að taka mið af starfsemi og stefnu viðkomandi fyrirtækis og bera með sér fjölbreytni og breidd í hæfni, þekkingu og reynslu stjórnarmanna. Við kosningu stjórnarmanna er m.a. litið til þess að stjórnarmenn hafi menntun og reynslu sem nýtist við stjórnun og rekstur viðkomandi fyrirtækis, að kynjahlutföll séu í samræmi við löggjöf um lágmark 40% hvors kyns í stjórn og að stjórnarmenn hafi ekki sýnt af sér hegðun sem kann að rýra traust þeirra og trúverðugleika.

Störf stjórnar

LSR leggur ríka áherslu á að stjórn viðkomandi fyrirtækis starfi í samræmi við góða stjórnarhætti; m.a. með því að haga störfum sínum í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, setja sér starfsreglur, skilgreina valdheimildir forstjóra/framkvæmdastjóra, meta eigin störf með árangursmati og birta árlega upplýsingar um stjórnarhætti sína.

Jafnframt væntir sjóðurinn þess að undirnefndum stjórnar séu settar starfsreglur sem stjórn samþykkir og að stjórnarmenn taki ekki að sér önnur störf fyrir viðkomandi fyrirtæki en þau sem þeim eru falin sérstaklega af stjórn.

Upplýsingagjöf fyrirtækja

LSR leggur áherslu á skipulega og góða upplýsingagjöf fyrirtækja til hluthafa, hvort heldur er með opinberum tilkynningum, á hluthafafundum, heimasíðu eða með öðrum hætti.

Samkeppnissjónarmið

LSR leggur áherslu á að fjárfestingar- og hluthafastefna sjóðsins stuðli að virkum samkeppnismarkaði. Til að tryggja sjálfstæði fyrirtækja, sem sjóðurinn fjárfestir í, skal sjóðurinn ekki hafa áhrif á stefnumótun þeirra umfram það sem á sér stað á hluthafafundum. LSR styður ekki framboð sama stjórnarmanns til stjórnarsetu í stjórn tveggja fyrirtækja á sama markaði.

Starfskjör stjórnar og stjórnenda

LSR telur að við ákvörðun um starfskjör stjórnarmanna



og stjórnenda eigi að gæta hófs og m.a. að líta til stærðar og umfangs fyrirtækisins, svo og þeirra starfskjara sem ætla má að bjóðist almennt á þeim markaði sem fyrirtækið starfar á. Sjóðurinn gerir kröfu um að starfskjarastefna viðkomandi fyrirtækis uppfylli kröfur hlutafélagalaga og taki mið af viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eins og við á.

LSR telur að við ákvörðun starfskjara ætti m.a. að stuðla að langtímahagsmunum hluthafa, hafa skýran rekstrarlegan tilgang og ekki að hvetja til óhóflegrar áhættu-

töku. Ef um kaupaukagreiðslur eða kaupréttarsamninga er að ræða, skulu hluthafar upplýstir um forsendur og rök fyrir slíkum greiðslum.

Samskipti við stjórnarmenn og stjórnendur

LSR hefur ekki afskipti af stjórnarstörfum einstaklinga eftir að þeir hafa verið kosnir í stjórn þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í. Komi til samskipta við stjórn eða stjórnendur fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í skulu þau fara fram í samræmi við reglur viðkomandi fyrirtækis. Gæta þarf þess að slík samskipti séu í sam-

ræmi við reglur um meðferð innherjaupplýsinga og ákvæði samkeppnislaga. LSR kynnir stjórnnum fyrirtækja, sem sjóðurinn fjárfestir í, hluthafastefnu sjóðsins.

Stjórnarháttayfirlýsing LSR

Með góðum stjórnarháttum í starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) er lagður grunnur að traustum samskiptum stjórnenda og starfsmanna sjóðsins við sjóðfélaga, launagreiðendur sem greiða iðgjald til sjóðsins fyrir starfsmenn sína og ábyrgðaraðila sjóðsins. Með góðum stjórnarháttum er stuðlað að gagnsæi í starfsemi sjóðsins. Við mótun stjórnarháttanna hafa stjórnendur og stjórn sjóðsins haft til hliðsjónar almennt viðurkennd sjónarmið og leiðbeiningar um góða stjórnarhætti fyrirtækja.

Í stefnuyfirlýsingu sjóðsins segir: LSR tileinkar sér ábyrga starfshætti, með vönduð vinnubrögð, fagmennsku og frumkvæði að leiðarljósi. Sjóðurinn leggur áherslu á fyrirmyndarþjónustu og öfluga upplýsingatækni. Þannig verður LSR traustur lífeyrissjóður og sjóðfélögum örugg samfylgd.

Hlutverk LSR er:

- Að greiða sjóðfélögum lífeyri.
- Að tryggja sjóðfélaga fyrir tekjumissi í kjölfar örorku og stuðla að fjárhagslegu öryggi maka og barna við andlát sjóðfélaga.
- Að taka við iðgjöldum og varðveita upplýsingar um réttindi sjóðfélaga.
- Að ávaxta fjármuni sjóðsins með sem bestum hætti með hliðsjón af fjárfestingarstefnu og að teknu tilliti til áhættu.

Gildi sem starfsmenn LSR hafa tileinkað sér eru virðing, vilji og ánægja. Með þau gildi að leiðarljósi vinna starfs-

menn að markmiði og stefnu lífeyrissjóðsins. Jafnframt er mikilvægt að samfélagslegt hlutverk lífeyrissjóðsins sé haft að leiðarljósi í allri starfsemi hans.

LSR starfar samkvæmt lögum um sjóðinn nr. 1/1997, samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktum sem settar hafa verið um starfsemi sjóðsins og öðrum reglum sem um lífeyrissjóði gilda.

Stjórn sjóðsins er skipuð átta einstaklingum. Fjármála- og efnahagsráðherra skipar fjóra stjórnarmenn, stjórn BSRB skipar tvo, stjórn BHM einn og stjórn KÍ einn. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við lög um lífeyrissjóði, reglugerðir settar samkvæmt þeim og samþykktir sjóðsins.

Stjórnin hefur sett sér starfsreglur. Í starfsreglunum er fjallað um starfsemi, skipan og verkvið stjórnar. Í starfsreglunum er m.a. litið til samþykktar sjóðsins og laga nr. 129/1997, sérstaklega til þeirra ákvæða er lúta að stjórnarháttum lífeyrissjóða og hæfi stjórnarmanna. Þá hefur stjórnin sett reglur um hæfi lykilstarfsmanna, sett siða- og samskiptareglur og sett reglur um lánveitingar til sjóðfélaga. Þessar reglur eru aðgengilegar á heimasíðu sjóðsins www.lsr.is ásamt upplýsingum um stjórn.

Stjórnin hefur auk þessa samþykkt margvíslegar reglur sem gilda í starfseminni. Má þar m.a. nefna reglur um hlutverk stjórnar, framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna við ávöxtun eigna sjóðsins, verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna, reglur um varnir gegn peningþvætti og reglur

um upplýsingagjöf framkvæmdastjóra og fleiri aðila til stjórnar.

Stjórn LSR hefur samþykkt fjárfestingarstefnu og um form og efni hennar ásamt úttekt á ávöxtun fer eftir reglugerð útgefinni af fjármálaráðuneytinu nr. 916/2009. Í fjárfestingarstefnu eru tilgreindar megináherslur sem unnið er eftir við ávöxtun á fjármunum sjóðsins. Stefnan miðar að því að tryggja góða ávöxtun til lengri tíma en jafnframt að takmarka áhættu eftir því sem kostur er.

Stjórnin hefur einnig samþykkt sérstaka hluthafastefnu sem varðar aðkomu sjóðsins að fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir beint í. Sjóðurinn er langtímafjárfestir sem leitast við að ná góðri ávöxtun á fjárfestingar sína en jafnframt að vera ábyrgur hluthafi og stuðla að framþróun starfshátta á hlutabréfamarkaði. Hluthafastefnunni er ætlað að styðja við góða stjórnarhætti fyrirtækja og er í henni fjallað um helstu atriði sem sjóðurinn lítur til sem virkur fjárfestir á íslenskum markaði.

Þá hefur stjórnin samþykkt áhættustefnu, en áhættustýring hjá sjóðnum byggir á leiðbeinandi tilmælum FME nr. 1/2013, um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingardeilda lífeyrissjóða og leiðbeinandi tilmælum FME nr. 2/2013, um áhættustýringu (eftirlitskerfi) vörsluaðila sér eignarsparnaðar. Þessar meginreglur innihalda helstu ferla áhættustýringar varðandi alla þætti í starfsemi sjóðsins.

Áhættustefnan er eitt af lykilverkfærum stjórnar við að uppfylla þær skyldur sem á yfirstjórn sjóðsins hvíla. Henni er beitt samhliða fjárfestingarstefnu sjóðsins og stuðlar hún að því að lífeyrissjóðurinn nái settum markmiðum



með ásættanlegri áhættu í starfsemi sinni með kerfisbundnum og öguðum vinnubrögðum.

Það er eitt af verkefnum stjórnar að móta innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfesta eftirlitsferla. Allir helstu ferlar í starfseminni hafa verið skjalfestir og hlutverk skilgreind. Lögð er áhersla á að greina helstu áhættuþætti og innleitt er virkt eftirlit til að draga úr áhættu og villum.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans, gengur frá starfslýsingu hans og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar.

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar og er hún skipuð til eins árs í senn. Hún starfar í samræmi við IX. kafla laga um ársreikninga nr. 3/2006. Nefndin hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, tilhögun innra eftirlits og aðferðum við áhættumat í því skyni að auka trúverðugleika í starfsemi sjóðsins.

Önnur undirnefnd stjórnar er starfsnefnd, en hún fjallar um vafamál sem upp kunna að koma varðandi röðun lífeyrisþega B-deildar í launaflokka. Upplýsingar um endurskoðunarnefnd og starfsnefnd er að finna á heimasíðu sjóðsins.

Með lögum, samþykktum, reglum og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins er markaður rammi sem lífeyrissjóðurinn starfar eftir. Til viðbótar eru settar skýrar innanhússreglur og verkferlar sem auðvelda störf starfsmanna, auka gagnsæi og bæta þjónustu við sjóðfélaga í hvívetna.

Samþykkt af stjórn LSR 8. mars 2017.



Útlán LSR og LH til sjóðfélaga jukust mikið á árinu 2016 og námu alls 18.704 milljónum kr. Uppgreiðsla lána nam 4.371 milljón kr. á árinu 2016 og voru nettóútlán ársins því 14.333 milljónir kr. á móti 4.195 milljónum kr. á árinu 2015. Fjöldi veittra lána jókst einnig mikið en alls voru veitt 1.297 lán á árinu 2016. Rúmlega tveir þriðju hlutar veittra lána á árinu 2016 eru með föstum vöxtum yfir lánstímann en önnur útlán á árinu eru með breytilegum vöxtum.

Á árinu 2016 var lántökukostnaði vegna sjóðfélagalána breytt á þann hátt að lántökugjald varð fast gjald

kr. 50.000 í stað þess að vera hlutfall af lánsfjárhæð.

Lánsrétt hjá sjóðunum hafa allir sjóðfélagar sem greiða eða hafa einhvern tímann greitt iðgjald til sjóðanna. Þá nær lánsréttur einnig til þeirra sem eru í stéttarfélagi með aðild að sjóðunum og þeirra sem hafa yfirtekið sjóðfélagalán, t.d. vegna fasteignaviðskipta. Lánunum sem hafa verið í vanskilum í meira en 3 mánuði heldur áfram að fækka. Fjárhæð í vanskilum lækkaði einnig og í árslok 2016 nam fjárhæð í vanskilum einungis 0,35% af eftirstöðvum sjóðfélagalána.

Ýmis úrræði eru í boði hjá sjóðnum fyrir lántakendur í greiðsluvanda. Helstu úrræðin sem sjóðirnir bjóða upp á eru skuldbreyting vanskila, frestun á greiðslum, lenging lánstíma og skilmálabreyting til að létta greiðslubyrði. Ef framangreind úrræði duga ekki, stendur lántökum til boða að leita eftir greiðslu- aðlögun með aðstoð embættis Umboðsmanns skuldara.

Fasteignir sem fóru til uppboðsmeðferðar voru 12 á árinu 2016. Það er neyðarúrræði að bjóða upp eignir og leitast sjóðirnir við að koma til móts við skuldara



með öðrum úrræðum eftir því sem kostur er áður en lán fer í uppboðsmeðferð. Fasteignir í eigu sjóðanna voru 8 talsins í árslok 2016 en á því ári leystu sjóðirnir til sín 4 fasteignir og seldu 7 eignir sem þeir höfðu áður eignast.

Á árinu 2016 voru 707,4 milljarðar kr. af séreignar- iðgjöldum greiddir inn á fasteignalán hjá LSR.


Sjóðfélagalán LSR og LH

(í þús. kr.)


Veitt lán á árinu:	2016	2015	Breyting
Fjárhæð	18.704.630	7.320.999	155,5%
Fjöldi lána	1.297	710	82,7%
Meðalfjárhæð	14.421	10.311	39,9%
Lán í árslok:			
Heildarfjárhæð	70.893.987	60.479.207	17,2%
Fjöldi lána	11.582	11.999	-3,5%
Meðalfjárhæð	6.121	5.040	21,4%
Aðrar upplýsingar:			
Fjöldi lána með breytilegum vöxtum í árslok	6.343	7.031	-9,8%
Fjöldi lána með föstum vöxtum í árslok	5.239	4.968	5,5%
Fjöldi frystra lána í árslok	26	54	-51,9%
Fjöldi lána í greiðsluaðlögun	15	44	-65,9%
Fjöldi lána í sértækri skuldaaðlögun	0	23	-100,0%
Fjöldi útsendra uppboðsbeiðna á árinu	12	64	-81,3%
Fjöldi skuldbreyttra lána á árinu	39	35	11,4%
Fjöldi lána í meira en 3 mán. vanskilum í árslok	129	203	-36,5%
Fjárhæð í vanskilum alls í árslok	250.614	321.237	-22,0%
Hlutfall vanskila af sjóðfélagalánum	0,35%	0,53	-33,4%

Samkvæmt lögum hvílir ákveðin upplýsingaskylda á lánveitanda við lánveitingu og þarf m.a. að gefa láns-umsækjanda upplýsingar á stöðluðu eyðublaði áður en lán er veitt. Lánveitendum er einnig skylt að meta lánshæfi einstaklinga og framkvæma greiðslumat við lánveitingu.


Veitt lán til sjóðfélaga LSR og LH




Fjöldi veittra sjóðfélagalána LSR og LH



Meðalfjárhæð veittra sjóðfélagalána LSR og LH



Útistandandi lán til sjóðfélaga LSR og LH





Iðgjöld, lífeyrir og eignir

Iðgjöld á árinu 2016 námu 1.355 milljónum kr. og hækkuðu um 5,1% frá árinu 2015. Lífeyrisgreiðslur úr Séreign LSR námu 398 milljónum kr. á árinu og hækkuðu um 7,2% frá fyrra ári. Heildareignir sjóðfélaga námu 13.996 milljónum kr. í árslok 2016 og hækkuðu um 641 milljón kr. eða um 4,6% á milli ára. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 3.066 á árinu 2016 og fækkaði þeim um 1,4% milli ára. Heildarfjöldi þeirra sem áttu eign í sjóðnum í árslok 2016 var 6.884.

Fjárfestingarleiðir

Sjóðfélagar í Séreign LSR geta valið milli Leiðar I, Leiðar II, Leiðar III og Sér-leiðar. Samkvæmt fjárfestingarstefnu Leiðar I er vægi hlutabréfa og hlutdeildarskírteina 57%, skuldabréfa 40% og innlána 3%. Í Leið II er vægi hlutabréfa og hlutdeildarskírteina 37%, skuldabréfa 60% og innlána 3%. Í Leið III eru eignir ávaxtaðar á verðtryggðum innlánsreikningum. Velji sjóðfélagi eina af leiðunum þremur helst sú fjárfestingarleið óbreytt en í Sér-leið færast inneign sjálfkrafa milli leiða eftir aldri og áhættuvali.

Verðbréfaeign

Hrein eign Leiðar I var 6.282 milljónir kr. í lok árs 2016. Eign í skuldabréfum var 2.642 milljónir kr. eða 42,1% af verðbréfaeign og eign í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum var 3.442 milljónir kr. eða 54,8% af verðbréfaeign. Innlán námu 195 milljónum kr. eða 3,1% af verðbréfaeign Leiðar I.




Hrein eign Leiðar II var 1.449 milljónir kr. í lok árs 2016. Eign í skuldabréfum var 827 milljónir kr. eða 57,1% af verðbréfaeign, og eign í hlutabréfum og hlutdeildarskírteinum var 484 milljónir kr. eða 33,5% af verðbréfaeign. Innlán námu 137 milljónir kr. eða 9,4% af verðbréfaeign Leiðar II.

Hrein eign Leiðar III í lok árs 2016 var 6.266 milljónir kr. en hún er ávöxtuð á verðtrygðum innlánsreikningum.

Ávöxtun ársins 2016

Nafnávöxtun Leiðar I var -1,3% sem samsvarar -3,4% hreinni raunávöxtun samanborið við 6,5% á árinu 2015. Nafnávöxtun Leiðar II var 0,7% sem samsvarar -1,3% hreinni raunávöxtun samanborið við 5,4% á árinu 2015. Nafnávöxtun Leiðar III var 4,2% sem samsvarar 2,1% hreinni raunávöxtun samanborið við 2,2% á árinu 2015.

Verðbréfaeign Séreignar 2016



- Ríkistrygð bréf
- Aðrir eignaflokkar skuldabréfa
- Innlend hlutabréf
- Erlend hlutabréf
- Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu
- Innlán

Hrein eign til greiðslu lífeyris

(í millj. kr.)				
Fjárfestingarleiðir	2016	Hlutfall	2015	Hlutfall
Leið I	6.282	44,8%	6.346	47,5%
Leið II	1.449	10,4%	1.320	9,9%
Leið III	6.266	44,8%	5.690	42,6%
Samtals	13.996	100,0%	13.356	100,0%


Iðgjöld

Iðgjaldagreiðslur til LSR og LH námu 28,5 milljörðum kr. á árinu 2016 sem er aukning um 2,5 milljarða kr. frá fyrra ári. Þar af jukust iðgjaldatekjur A-deildar LSR um 2.574 milljónir kr. og Séreignar LSR um 69 milljónir kr. á sama tíma og samanlagðar iðgjaldatekjur til B-deildar LSR og LH lækkuðu um 118 milljónir kr.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga, sem er sá fjöldi sem greiðir iðgjald að meðaltali í hverjum mánuði, var 30.589 á árinu 2016 og fjölgaði þeim um 0,7% milli ára. Flestir sjóðfélagar greiða til A-deildar LSR og fjölgaði þeim um 2,8% milli ára og eru þeir nú 24.575 talsins. B-deild LSR og LH eru lokaðir fyrir nýjum sjóðfélögum og fækkaði virkum sjóðfélögum í þeim sjóðum um 434 eða sem nemur 12,8%.

Frá miðju ári 2014 hefur sjóðfélögum sem greiða í sér-eignarsjóði verið heimilt að ráðstafa hluta af iðgjaldi sínu skattfrjálst inn á húsnæðislán. Á árinu 2016 nýttu 1.339 sjóðfélagar í Séreign LSR sér þessa heimild og fjölgaði þeim lítillega á milli ára. Iðgjaldagreiðslur til Séreignar LSR voru 1.355 milljónir kr. á árinu 2016 en af þeirri fjárhæð var 484 milljónum kr. ráðstafað inn á húsnæðislán á árinu samkvæmt ákvörðun sjóðfélaga.

Skipting iðgjalda 2016



Iðgjöld


(í millj. kr.)	2016	2015	Breyting	Breyting á hvern virkan sjóðfélag
A-deild LSR	24.815	22.240	11,6%	8,5%
B-deild LSR	2.147	2.260	-5,0%	8,9%
Séreign LSR	1.355	1.286	5,3%	6,8%
Lsj. hjúkrunarfræðinga	199	203	-2,0%	13,0%
Samtals	28.516	25.990	9,7%	

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga


	2016	2015	Breyting	Með réttindi 31.12.16
A-deild LSR	24.575	23.895	2,8%	61.700
B-deild LSR	2.683	3.076	-12,8%	36.214
Séreign LSR	3.066	3.109	-1,4%	6.884
Lsj. hjúkrunarfræðinga	265	305	-13,3%	2.936
Samtals	30.589	30.385	0,7%	107.734



Lögbundin iðgjöld



Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga



Þar sem B-deild LSR og LH eru lokaðir fyrir nýjum sjóðfélögum er meðalaldur sjóðfélaga verulega hár í þeim sjóðum samanborið við aðra lífeyrissjóði. Meðalaldur sjóðfélaga sem greiddi iðgjöld til B-deildar LSR og LH í desember 2016 var 60 ár en meðalaldur í A-deild LSR var 45 ár. Meðalaldur hjá Séreign LSR var 55 ár, þar af var meðalaldur 53 ár í Leið I, 49 ár í Leið II og 59 ár í Leið III.

Greiðandi sjóðfélagar í desember 2016

	Karlar	Konur	Meðalaldur
A-deild LSR	29%	71%	45
B-deild LSR	41%	59%	60
Séreign LSR	34%	66%	55
Lsj. hjúkrunarfræðinga	2%	98%	60

Lífeyrisþegar og lífeyrisgreiðslur


Á árinu 2016 voru greiddir 47,3 milljarðar kr. í forni lífeyrisgreiðslu til 24.383 lífeyrisþega í LSR og LH. Tæplega 81% af lífeyrisgreiðslum sjóðanna greiðast úr B-deild LSR.

Lífeyrisgreiðslur úr B-deild LSR og LH breytast ýmist í takt við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu (meðaltalsregla) eða launum eftirmanns í starfi (eftirmannsregla). Almenna reglan er að lífeyrisgreiðslur fylgi meðaltalsreglu en sjóðfélagar sem fara á lífeyri í beinu framhaldi af starfi geta valið hvort lífeyrisgreiðslur þeirra fylgja meðaltalsreglu eða eftirmannsreglu. Í desember 2016 fengu 79,2% lífeyrisþega í B-deild LSR greitt samkvæmt meðaltalsreglu en 64,1% lífeyrisþega hjá LH. Lífeyrisgreiðslur úr A-deild LSR fylgja vísitölu neysliverðs.

Fjöldatalningar í umfjöllun um lífeyrisgreiðslur eru með þeim hætti að fá lífeyrisþegi fleiri en eina tegund lífeyris eða greiðslur frá fleiri en einum sjóði eða deild, er hann talinn oftast en einu sinni. Hjá B-deild LSR fengu 2.808 lífeyrisþegar einnig greiðslur úr A-deild LSR og af lífeyrisþegum hjá LH fengu 410 greiðslur frá A- eða B-deild LSR.

Lífeyrisgreiðslur


(í millj. kr.)



■ A-deild LSR ■ B-deild LSR ■ Séreign LSR ■ LH

Meðalfjöldi lífeyrisþega

(í þús.)



■ A-deild LSR ■ B-deild LSR ■ Séreign LSR ■ LH

Lífeyrir

	Lífeyrisgreiðslur í millj. kr.			Fjöldi lífeyrisþega			Meðalfjárhæð lífeyris í þús. kr.		
	2016	2015	Breyt.	2016	2015	Breyt.	2016	2015	Breyt.
A-deild LSR	4.892	4.224	15,8%	6.457	5.651	14,3%	758	747	1,4%
B-deild LSR	38.239	32.717	16,9%	16.378	15.484	5,8%	2.335	2.113	10,5%
Séreign LSR	398	369	7,7%	407	394	3,3%	978	938	4,3%
Lsj. hjúkrunarfræðinga	3.722	3.185	16,9%	1.141	1.086	5,1%	3.262	2.932	11,2%
Samtals	47.250	40.495	16,7%	24.383	22.615	7,8%	1.938	1.791	8,2%

Skipting lífeyrisgreiðslna eftir tegund lífeyris


Hvað varðar einstakar tegundir lífeyris er samsetning lífeyrisgreiðslna ólík milli deilda LSR og LH. Samsetningin er meðal annars háð reglum sjóðanna og því hve lengi sjóðirnir hafa tekið á móti iðgjöldum. Þá er mismunandi vægi lífeyristegunda einnig háð kyni og aldri sjóðfélaga.

Í heildina eru 80,4% lífeyrisgreiðslna úr LSR og LH vegna ellilífeyris en vægi hans eykst um 1,6% milli ára. Vægi makalífeyrisgreiðslna var 13% af greiðslum og vægi örorkulífeyris nam 6,3% af greiðslum og barnalífeyrir 0,3%.

A-deild LSR

Á árinu 2016 fengu 6.457 lífeyrisþegar greiddar 4.892 milljónir kr. úr A-deild LSR. Meðalaldur lífeyrisþega í árslok 2016 var 66,4 ár og voru 69,1% af þeim konur en 30,9% karlar (hér eru þeir sem fá greiddan barnalífeyri ekki taldir með). Hlutfall örorkulífeyris er tiltölulega hátt hjá sjóðnum en við úrskurð á örorku njóta sjóðfélagar framreiknings líkt og þeir hefðu áunnið sér réttindi til ellilífeyrisaldurs. Við útreikning ellilífeyris er hins vegar miðað við áunnin réttindi og skýrir það tiltölulega hátt hlutfall örorkulífeyrisgreiðslna. Meðalaldur þeirra sem áttu réttindi í árslok 2016 var 46 ár en A-deild LSR er tiltölulega ung að árum með 20 ára iðgjaldasögu.

Skipting lífeyrisgreiðslna eftir lífeyristegundum 2016




- Ellilífeyrir
- Örorkulífeyrir
- Makalífeyrir
- Barnalífeyrir
- Aðrar útgreiðslur

A-deild LSR

	Lífeyrisgreiðslur í millj. kr.			Fjöldi lífeyrisþega			Meðalfjárhæð lífeyris í þús. kr.		
	2016	2015	Breyt.	2016	2015	Breyt.	2016	2015	Breyt.
Ellilífeyrir	2.908	2.220	31,0%	3.897	3.309	17,8%	746	671	11,3%
Örorkulífeyrir	1.735	1.762	-1,5%	1.581	1.441	9,7%	1.097	1.223	-10,2%
Makalífeyrir	121	114	6,0%	316	272	16,2%	383	420	-8,7%
Barnalífeyrir	127	128	-0,5%	663	629	5,4%	192	203	-5,6%
Samtals	4.892	4.224	15,8%	6.457	5.651	14,3%	758	747	1,4%

Skipting lífeyrisgreiðslna A-deildar LSR 2016




B-deild LSR

Á árinu 2016 fengu 16.378 lífeyrisþegar greiðslur úr B-deild LSR, samtals að fjárhæð 38,2 milljarðar kr. Meðalaldur lífeyrisþega var 74,2 ár í árslok 2016 og voru 63,5% af þeim konur en 36,5% karlar (hér eru þeir sem fá greiddan barnalífeyri ekki taldir með).

Af þeim 38,2 milljörðum kr. sem greiddir voru í lífeyri úr B-deild LSR á síðasta ári fékk sjóðurinn 15 milljarða kr. endurgreidda frá launagreiðendum vegna ábyrgðar þeirra á greiðslu lífeyrishækkana. Samkvæmt lögum nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins er launagreiðendum í B-deild LSR skylt að endurgreiða þann hluta lífeyris sem tilkominn er vegna hækkunar á áður úrskurðuðum lífeyri fyrrum starfsmanna sinna.

Hlutfall B-deildar LSR í lífeyrisgreiðslum á árinu 2015 var 60,8% en var 63,3% árið áður. Því lengur sem lífeyrisþegi hefur verið á lífeyri, því lægra er hlutfallið þar sem uppsafnaðar launahækkanir eru greiddar af viðkomandi launagreiðanda. Geri launagreiðandi upp skuldbindingu sína fellur innheimta lífeyrishækkana niður. Þar að auki hefur nýliðun á lífeyri, launahækkanir, lífeyrisaldur og lífslíkur áhrif á hlutfall B-deildar LSR í lífeyrisgreiðslum. Nýir lífeyrisúrskurðir voru 1.724 talsins á árinu en brottfallnir lífeyrisúrskurðir voru 830.

Skipting lífeyrisgreiðslna B-deildar LSR 2016



B-deild LSR


	Lífeyrisgreiðslur í millj. kr.			Fjöldi lífeyrisþega			Meðalfjárhæð lífeyris í þús. kr.		
	2016	2015	Breyt.	2016	2015	Breyt.	2016	2015	Breyt.
Ellilífeyrir	31.360	26.521	18,2%	12.243	11.421	7,2%	2.561	2.322	10,3%
Örorkulífeyrir	1.009	963	4,9%	1.277	1.258	1,5%	790	765	3,3%
Makalífeyrir	5.863	5.226	12,2%	2.749	2.688	2,3%	2.133	1.944	9,7%
Barnalífeyrir	6	8	-24,6%	109	117	-6,8%	53	66	-19,1%
Samtals	38.239	32.717	16,9%	16.378	15.484	5,8%	2.335	2.113	10,5%

Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga

Á árinu 2016 fékk 1.141 lífeyrisþegi greiðslur úr LH, samtals að fjárhæð 3.722 milljónir kr. Meðalaldur lífeyrisþega sjóðsins var 71,8 ár í árslok 2016 og voru 93,7% af þeim konur en 6,3% karlar (hér eru þeir sem fá greiddan barnalífeyri ekki taldir með).

Af þeim 3.722 milljónum kr. sem greiddar voru í lífeyri úr LH á síðasta ári fékk sjóðurinn 1.596 milljónir endurgreiddar frá launagreiðendum vegna ábyrgðar þeirra á greiðslu lífeyrishækkana. Hlutfall sjóðsins í lífeyrisgreiðslum ársins var 57,1% en var 59,3% árið áður. Nýir lífeyrisúrskurðir voru 106 en brottfallnir lífeyrisúrskurðir voru 51. Sjóðurinn greiðir að öllu leyti fjárhæð lífeyris vegna nýrra lífeyrisþega en launagreiðendur greiða allar hækkanir sem verða á áður úrskurðuðum lífeyri vegna fyrrum starfsmanna sinna.


Skipting lífeyrisgreiðslna LH 2016



Lsj. hjúkrunarfræðinga

	Lífeyrisgreiðslur í millj. kr.			Fjöldi lífeyrisþega			Meðalfjárhæð lífeyris í þús. kr.		
	2016	2015	Breyt.	2016	2015	Breyt.	2016	2015	Breyt.
Ellilífeyrir	3.372	2.865	17,7%	940	890	5,6%	3.587	3.219	11,4%
Örorkulífeyrir	215	215	-0,3%	132	135	-2,2%	1.627	1.596	2,0%
Makalífeyrir	135	104	29,6%	65	57	14,0%	2.073	1.824	13,7%
Barnalífeyrir	0	0	11,3%	4	4	0,0%	121	109	11,3%
Samtals	3.722	3.185	16,9%	1.141	1.086	5,1%	3.262	2.932	11,2%

Skipting lífeyrisgreiðslna Séreignar LSR 2016



Séreign LSR

Útgreiðslur úr Séreign LSR námu 398 milljónum kr. á árinu 2016 og hækkuðu um 7,7% milli ára. Þar af námu útgreiðslur til þeirra sem voru 60 ára eða eldri 371 milljón kr. eða 1.127 þúsund kr. á hvern sjóðfélaga. Af lífeyrisgreiðslum síðasta árs voru 172 milljónir kr. greiddar úr Leið I, 30 milljónir kr. úr Leið II og 196 milljónir kr. úr Leið III. Á árinu 2016 fengu í heildina 407 sjóðfélagar greiddan lífeyri vegna séreignarsparnaðar og fjölgaði þeim lítillega frá árinu á undan.

Séreign LSR

	Lífeyrisgreiðslur í millj. kr.			Fjöldi lífeyrisþega			Meðalfjárhæð lífeyris í þús. kr.		
	2016	2015	Breyt.	2016	2015	Breyt.	2016	2015	Breyt.
Ellilífeyrir	371	314	18,0%	329	326	0,9%	1.127	964	16,9%
Örorku-, maka- og barnalífeyrir	27	23	16,4%	57	33	72,7%	467	693	-32,6%
Aðrar útgreiðslur	1	32	-97,8%	21	35	-40,0%	33	925	-96,4%
Samtals	398	369	7,7%	407	394	3,3%	978	938	4,3%

Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar

Með greiðslum til B-deildar LSR og LH umfram laga-skyldu er ríkissjóður að dreifa greiðslum á skuldbindingum sínum við sjóðina yfir lengri tíma. Aukagreiðslurnar hafa styrkt fjárhagsstöðu sjóðanna verulega og gert þeim kleift að mæta skuldbindingum með eignum sínum til lengri tíma en annars hefði orðið.


Þær fjárhæðir sem ríkissjóður hefur greitt mynda inneign hjá sjóðunum og kemur hún til frádráttar skuldbindingum ríkissjóðs. Innborganir ríkissjóðs geta verið ýmist í formi beinna aukagreiðslna, viðbótariðgjalds frá stofnunum í A-hluta ríkissjóðs eða iðgjaldaviðbótar frá sveitarfélögum vegna grunnskólakennara sem annars hefði verið skilað til ríkissjóðs. Inneign ríkissjóðs er uppfærð í samræmi við ávöxtun sjóðanna.

Á árinu 2016 námu innborganir ríkissjóðs í formi viðbótariðgjalda 3 milljörðum kr. en voru 1,6 milljarðar árið áður. Innborganir ríkissjóðs á síðustu þremur árum eru meiri en verið hefur frá og með árinu 2009. Hækkunin skýrist af samningum sem hafa verið gerðir um uppgjör á skuldbindingum en í þeim fólst m.a. tilfærsla viðbótariðgjalda frá ýmsum launagreiðendum yfir til ríkissjóðs. Allar greiðslur sem féllu til vegna samninganna lét ríkissjóður renna til B-deildar LSR og LH. Þá hefur ríkissjóður sett fram áætlun næstu 5 árin um að hefja aftur aukagreiðslur inn á skuldbindingar sínar við sjóðina.

Frá árinu 1999 hefur ríkissjóður samtals greitt 95,1 milljarð kr. inn á skuldbindingar sínar við B-deild LSR og LH. Sú fjárhæð, uppfærð með ávöxtun sjóðanna, nam samtals 231,4 milljörðum kr. í árslok 2016. Þar af námu uppsafnaðir vextir og verðbætur 136,3 milljörðum kr.

Inneign ríkissjóðs


(í milljö. kr.)



Í nóvember 2015 voru aðrar eignir B-deildar LSR en þær sem ríkið og aðrir launagreiðendur hafa greitt inn aukalega til sjóðsins uppurnar. Frá þeim tímapunkti hefur B-deild LSR þurft að ganga á uppsafnaða inneign ríkissjóðs til að greiða lífeyri. Á árinu 2016 voru

Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar hjá LSR og LH

(í milljö. kr.)




20,6 milljarðar kr. af inneign ríkissjóðs notaðir til að greiða lífeyri. Áætlað er að lífeyrisgreiðslur B-deildar LSR umfram iðgjaldatekjur og rekstrarkostnað verði 23 milljarðar kr. á árinu 2017 og verður gengið á inneign ríkissjóðs sem því nemur.

Innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar

(í millj. kr.)	B-deild LSR		LH		Samtals	
	2016	2015	2016	2015	2016	2015
Inneign í ársbyrjun	224.734	210.983	22.612	20.851	247.347	231.833
Viðbótariðgjöld ársins	2.372	1.332	659	241	3.030	1.572
Gengið á inneign vegna lífeyrisgreiðslna	(20.648)	(2.854)	0	0	(20.648)	(2.854)
Uppfærsla vegna vaxta og verðbóta	1.386	15.274	252	1.521	1.638	16.795
Samtals inneign í árslok	207.844	224.734	23.523	22.612	231.367	247.347

Inneign ríkissjóðs

(í millj. kr.)



■ Uppsöfnuð ávöxtun
■ Uppsafnaðar innborganir
■ Ráðstafað til greiðslu lífeyris


Í árslok 2016 nam hrein eign B-deildar LSR til greiðslu lífeyris 208,7 milljörðum kr. Þar af var inneign ríkissjóðs vegna aukagreiðslna 207,8 milljarðar kr. Hrein eign LH í árslok 2016 nam 26,4 milljörðum kr. og þar af var inneign ríkissjóðs vegna aukagreiðslna 23,5 milljarðar kr.

Viðbótariðgjöld annarra launagreiðenda

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að ríkisstofnunum í B- og C-hluta ríkissjóðs og sjálfseignarstofnunum, sem njóta fjárframlaga frá ríkissjóði, sé skylt að greiða viðbótariðgjald umfram 12% lögbundið iðgjald af dagvinnulaunum til B-deildar LSR og LH. Markmiðið með greiðslu viðbótariðgjalds er að greiðslurnar gangi upp í samtíma-

B-deild LSR - hrein eign til greiðslu lífeyris

(í millj. kr.)



■ Inneign ríkissjóðs vegna aukagreiðslna
■ Aðrar eignir sjóðsins


skuldbindingu einstakra stofnana. Flestar stofnanir, sem gert hafa upp skuldbindingar sínar gagnvart B-deild LSR, greiða viðbótariðgjald sem kemur þá til frádráttar

Viðbótariðgjöld annarra launagreiðenda

(í millj. kr.)	B-deild LSR		LH		Samtals	
	2016	2015	2016	2015	2016	2015
Óráðstafað viðbótariðgjald frá fyrra ári	1.443	1.710	431	534	1.874	2.244
Viðbótariðgjöld ársins	45	60	1	9	46	69
Ráðstafað vegna uppgjörsskuldbindinga	(741)	(423)	(347)	(140)	(1.088)	(563)
Uppfærsla vegna vaxta og verðbóta	104	96	24	29	128	125
Inneign launagreiðenda í árslok	851	1.443	109	431	960	1.874

LH - hrein eign til greiðslu lífeyris

(í millj. kr.)



■ Inneign ríkissjóðs vegna aukagreiðslna
■ Aðrar eignir sjóðsins

við uppgjör á árlegri skuldbindingu. Viðbótariðgjöld launagreiðenda utan A-hluta ríkissjóðs má sjá í töflunni hér að neðan.

Skuldbindingar

Stjórnir LSR og LH fólu Talnakönnun hf. að gera tryggingafræðilega úttekt á stöðu sjóðanna í árslok 2016. Útreikningurinn er í samræmi við reglugerð um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisjóða. Hjá A-deild LSR er miðað við 3,5% ávöxtun eigna umfram vísitölu neysluverðs. Hjá B-deild LSR og LH er gert ráð fyrir að launahækkunar séu 2% umfram vísitölu neysluverðs og að ávöxtun sé 1,5% umfram launahækkunar. Tryggingafræðilegar forsendur eru óbreyttar frá fyrra ári að því undanskildu að nú er miðað við lífslík-ur sem byggðar eru á reynslu árána 2010 til 2014 en úttektir undanfarinna ára hafa byggt á reynslu árána 2007–2011.

Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum A-deildar LSR

Áfallin skuldbinding A-deildar LSR var 383,3 milljarðar kr. í árslok 2016 og hækkaði um 14,3% milli ára. Hrein eign samkvæmt efnahagsreikningi var 497,7 milljarðar kr. og hækkaði um 42,1% milli ára. Áfallin staða sjóðsins er jákvæð um 104,4 milljarðar kr. í árslok 2016 eða sem nemur 27,2% af skuldbindingunni. Í árslok 2015 var áfallin staða 3,1%.

Tryggingafræðileg staða A-deildar LSR batnar verulega milli ára og skýrist það af greiðslu frá ríkissjóði í tengslum við breytingar á lögum um sjóðinn sem samþykktar voru af Alþingi í desember 2016. Breytingin tekur gildi 1. júní 2017 en eftir hana ávinna sjóðfélagar sér réttindi í aldurstengdu réttindakerfi og lífeyristökualdur verður miðaður við 67 ára aldur.

Núverandi sjóðfélögum er, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, áfram tryggð óbreytt jöfn réttindaávinnsla og óbreyttur 65 ára lífeyristökualdur. Til að tryggja óbreytt réttindi og til að mæta halla á stöðu sjóðsins lagði ríkið 117,2 milljarðar kr. inn í sjóðinn í lok ársins. Fjárhæðin skiptist þannig að 10,4 milljarðar kr. eru til að rétta af áfallna tryggingafræðilega stöðu sjóðsins og 106,8 milljarðar kr. voru greiddir í svokallaðan lífeyrisaukasjóð sem hefur það hlutverk að fjármagna muninn milli réttindakerfanna tveggja.

Heildarstaða A-deildar LSR, þ.e. þegar reiknað er með að núverandi sjóðfélagar greiði áfram iðgjöld til ellilífeyrisaldurs og ávinni sér réttindi í samræmi við það, er jákvæð um 20,6 milljarðar kr. eða um 2,8% af heildar- skuldbindingunni.

A-deild LSR – tryggingafræðileg staða

(í millj. kr.)	2016		2015	
Hrein eign til greiðslu lífeyris	497.723		350.355	
Endurmat verðbréfa	(1.932)		2.003	
Núvirt fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður	(8.134)		(6.699)	
Áfallin skuldbinding	(383.296)		(335.227)	
Áfallin staða	104.361	27,7%	10.433	3,1%
Verðmæti framtíðariðgjalda	271.153		243.281	
Framtíðarskuldbinding	(354.896)		(313.933)	
Framtíðarstaða	(83.743)	-23,6%	(70.652)	-22,5%
Eign ásamt framtíðariðgjöldum	758.809		588.940	
Heildarskuldbinding	(738.192)		(649.160)	
Heildarstaða	20.618	2,8%	(60.219)	-9,3%

Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum B-deildar LSR

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt voru skuldbindingar B-deildar LSR 761,7 milljarðar kr. í árslok 2016 en voru 696,2 milljarðar kr. árið áður og er það 9,4% hækkun milli ára.

Hjá B-deild LSR ávinna sjóðfélagar sér réttindi sem eru ákveðið hlutfall af dagvinnulaunum. Allar launabreytingar hafa áhrif á lífeyrisréttindi sjóðfélaga hvort sem þeir eru í starfi, með geymd réttindi eða á lífeyri. Vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna hækkaði um 9,2% á árinu 2016 en byrjað var að mæla hækkun dagvinnulauna opinberra starfsmanna með sérstakri

vísitölu í ársbyrjun 1997. Frá þeim tímapunkti hefur árleg hækkun vísitölnnar numið 8,4% að meðaltali. Til samanburðar hefur nafnvöxtun B-deildar LSR verið 8,5% að meðaltali. Tryggingafræðilegar forsendur gera ráð fyrir að ávöxtun sé 2% umfram launahækkanir til lengri tíma.

Efri taflan hér til hliðar sýnir hvernig áfallin skuldbinding í árslok 2016 skiptist eftir flokkun launagreiðenda og neðri taflan sýnir breytingu áfallinna skuldbindinga á árinu 2016. Skuldbindingar B-deildar LSR voru 403,8 milljarðar kr. í árslok 2006 og hafa því tæplega tvöfaldast á undanförunum 10 árum. Hækkun á skuldbindingum má aðallega rekja til breytinga á launum, áunninna

réttinda og aukinna lífslíkna. Frá árslokum 2006 til loka árs 2016 hækkaði vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna um 97,7% en eignir B-deildar hækkuðu á sama tíma um 12,6%. Frá árinu 2008 hefur nettóinnstreymi í sjóðinn verið neikvætt vegna fækkunar greiðandi sjóðfélaga og aukinna lífeyrisgreiðslna og hefur þar að leiðandi gengið á eignir deildarinnar.

Á súluriti hér á næstu síðu má sjá hvernig eignir B-deildar LSR hafa þróast sem hlutfall af áföllnum

Áfallin skuldbinding í árslok 2016, B-deild LSR

	Fjárhæð í millj. kr.
Ríkissjóður	585.483
Samrekstur ríkis og sveitarfélaga	6.774
Sparisjóðir	1.721
Stéttarfélög	1.914
Sveitarfélög	38.747
Uppgerðar skuldbindingar	109.392
Ýmsir með bakábyrgð sveitarfélaga	7.145
Ýmsir aðrir aðilar	10.491

Samtals 761.666

Breyting áfallinnar skuldbindingar, B-deild LSR

	Fjárhæð í millj. kr.
Skuldbinding í árslok 2015	701.404
Vextir 2%	14.028
Nýjar skuldbindingar	5.189
Nýjar lífslíkur	11.314
Launahækkanir og annað	67.969
Lífeyrisgreiðslur á árinu	(38.239)

Skuldbinding í árslok 2016 761.666

B-deild LSR – samsetning eigna og tryggingafræðileg staða

(í millj. kr.)	2016	2015		
Aukagreiðslur ríkissjóðs	207.844	228.117		
Aukagreiðslur annarra launagreiðenda	851	1.465		
Hrein eign til greiðslu lífeyris	208.695	229.582		
Hrein eign til greiðslu lífeyris	208.695	229.582		
Endurmat verðbréfa	1.329	2.582		
Núvirt fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður	(9.630)	(8.310)		
Endurmetin hrein eign til greiðslu lífeyris	200.394	223.853		
Uppgerð áfallin skuldbinding	109.392	100.504		
Önnur áfallin skuldbinding	652.274	595.679		
Samtals áfallin skuldbinding	761.666	696.183		
Áfallin tryggingafræðileg staða	(561.272)	(472.330)	-73,7%	-67,8%

skuldbindingum frá árinu 2007. Jafnframt sýnir súluritið hlutfall innborgana ríkissjóðs á móti öðrum eignum, en í árslok 2015 voru aðrar eignir sjóðsins uppunar. Nafn-ávöxtun eigna var 0,8% á árinu 2016 en skuldbindingar hækkuðu hins vegar um 9,4% á árinu.

Samsetning eigna B-deildar LSR upp í skuldbindingar


Haldið er sérstaklega utan um þær greiðslur sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur hafa greitt aukalega til sjóðsins inn á skuldbindingar sínar. Af eignum sjóðsins í árslok, að fjárhæð 208,7 milljarðar kr., eru 207,8 milljarðar kr. vegna aukagreiðslna ríkissjóðs og 851 milljón kr. vegna aukagreiðslna annarra launagreiðenda. Aðrar eignir sjóðsins kláruðust í nóvember 2015 og hefur því verið gengið á inneign ríkissjóðs til að mæta útgreiðslum úr sjóðnum. Áfallin staða sjóðsins var neikvæð um 73,7% í árslok 2016 og jókst hallinn um 89 milljarða kr. milli ára.

Hluti launagreiðenda hefur gert upp áfallnar skuldbindingar sínar og verður B-deild LSR að standa að fullu undir þessum hluta skuldbindinga með eignum sínum og bakabyrgð ríkissjóðs án frekari krafna á launagreiðendur. Af áfallinni skuldbindingu að fjárhæð 761,7 milljarðar kr. hafa 109,4 milljarðar kr. endanlega verið gerðir upp.

Tryggingafræðileg úttekt á skuldbindingum LH

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt voru skuldbindingar LH 93,3 milljarðar kr. í árslok 2016 en 85,6 milljarðar árið áður, sem er 8,9% hækkun milli ára.


Núvirtar eignir B-deildar LSR sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum



Vísitala dagvinnulauna opinberra starfsmanna hækkaði um 9,2% á árinu 2016. Frá ársbyrjun 1997, þegar mæling vísitölunnar hófst, hefur árleg hækkun vísitölunnar numið 8,4% að meðaltali. Til samanburðar hefur nafn-ávöxtun LH verið 8,2% að meðaltali. Hækkun á skuldbindingum má aðallega rekja til breytinga á launum, áunninna réttinda og aukinna lífslíkna.

Þegar dagvinnulaun hjúkrunarfræðinga breytast hefur það bein áhrif á skuldbindingar vegna virkra sjóðfélaga og lífeyrisþega á eftirmannsreglu. Meðaltalshækkun dagvinnulauna allra opinberra starfsmanna hefur hins

Núvirtar eignir LH sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum



vegar áhrif á skuldbindingar vegna lífeyrisþega á meðaltalsreglu og sjóðfélaga með geymd réttindi.

Hér að neðan má sjá töflu sem sýnir hvernig áfallin skuldbinding í árslok 2016 skiptist eftir flokkun launagreiðenda ásamt töflu yfir breytingar á áföllnum skuldbindingum á árinu 2016.

Skuldbindingar LH voru 46,3 milljarðar kr. í árslok 2006 og hafa aukist um 101,4% á undanförunum 10 árum en á sama tíma hafa eignir sjóðsins aukist um 19,4%. Sama á við um LH eins og um B-deild LSR, nettóinnstreymi í

sjóðinn hefur verið neikvætt frá árinu 2007 vegna fækkunar greiðandi sjóðfélaga og aukinna lífeyrisgreiðslna og hefur því gengið á eignir sjóðsins. Súluritið á blaðsíðu 40 sýnir hvernig eignir LH hafa þróast sem hlutfall af áföllnum skuldbindingum frá árinu 2007. Jafnframt sýnir súluritið hlutfall innborgana ríkissjóðs á móti öðrum eignum sjóðsins en í árslok 2016 námu uppfærðar innborganir ríkissjóðs 89% af eignum. Hlutfall eigna LH var 27,1% á móti áfallinni skuldbindingu í árslok 2016 og lækkaði um 4,9 prósentustig frá árinu áður. Nafnávöxtun eigna sjóðsins var 1,4% á árinu 2016 meðan skuldbindingar hækkuðu um 8,9%.

Áfallin skuldbinding í árslok 2016, LH

	Fjárhæð í millj. kr.
Ríkissjóður	90.865
Samrekstur ríkis og sveitarfélaga	12
Stéttarfélög	131
Sveitarfélög	871
Uppgerðar skuldbindingar	152
Ýmsir aðrir aðilar	1.223

Samtals 93.253

Breyting áfallinnar skuldbindingar, LH

	Fjárhæð í millj. kr.
Skuldbinding í árslok 2015	86.287
Vextir 2%	1.726
Nýjar skuldbindingar	422
Nýjar lífslíkur	1.262
Launahækkanir og annað	7.277
Lífeyrisgreiðslur á árinu	(3.722)

Skuldbinding í árslok 2016 93.253

Samsetning eigna LH upp í skuldbindingar

Haldið er sérstaklega utan um þær greiðslur sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur hafa greitt aukalega inn á skuldbindingar sínar við sjóðinn. Eignir sjóðsins í árslok 2016 voru 26,4 milljarðar kr. en þar af voru 23,5 milljarðar kr. vegna aukagreiðslna ríkissjóðs og 109,2 milljónir vegna aukagreiðslna annarra launagreiðenda. Aðrar eignir sjóðsins voru 2,8 milljarðar kr. og er fyrst gengið á þær eignir til að mæta útgreiðslum. Áfallin staða sjóðsins var neikvæð um 72,9% í árslok 2016.

LH – samsetning eigna og tryggingafræðileg staða

(í millj. kr.)	2016	2015		
Aukagreiðslur ríkissjóðs	23.523	22.612		
Aukagreiðslur annarra launagreiðenda	109	431		
Aðrar eignir	2.812	4.690		
Hrein eign til greiðslu lífeyris	26.444	27.734		
Hrein eign til greiðslu lífeyris	26.444	28.373		
Endurmat verðbréfa	15	169		
Núvirt fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður	(1.171)	(1.105)		
Endurmetin hrein eign til greiðslu lífeyris	25.288	27.437		
Uppgerð áfallin skuldbinding	152	132		
Önnur áfallin skuldbinding	93.101	85.513		
Samtals áfallin skuldbinding	93.253	85.645		
Áfallin tryggingafræðileg staða	(67.965)	(58.208)	-72,9%	-68,0%

Hlutdeild launagreiðenda í skuldbindingum og bakábyrgð

Samkvæmt lögum um B-deild LSR og LH er ekki gert ráð fyrir því að iðgjöld og ávöxtun þeirra standi undir lífeyrisgreiðslum og skulu launagreiðendur endurgreiða sjóðunum mánaðarlega þann hluta lífeyris sem er umfram fyrstu greiðslu lífeyris. Hafi lífeyrisþegi unnið hjá fleiri en einum launagreiðanda skiptist greiðslan hlutfallslega miðað við áunnin réttindi hjá hverjum launagreiðanda fyrir sig.

Krafa á launagreiðendur samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt

Tryggingastærðfræðingur sjóðanna hefur gert greiningu á framtíðargreiðsluflæði B-deildar LSR og LH og skiptingu þess í greiðslur lífeyrishækkana frá launagreiðendum annars vegar og greiðslur vegna bakábyrgðar hins vegar.

Sá hluti skuldbindinga B-deildar LSR sem launagreiðendur eiga að standa undir er metinn 382,8 milljarðar kr. í árslok 2016 eða um 50,3% af áfallinni skuldbindingu. Samsvarandi hlutdeild launagreiðenda í áföllnum skuldbindingum gagnvart LH var metin 54,3 milljarðar kr. í árslok 2016 eða um 58,2% af skuldbindingum sjóðsins. Ástæða þess að hlutdeild launagreiðenda er metin hærrí í LH er sú að 14,4% af áföllnum skuldbindingum B-deildar LSR hafa þegar verið gerð upp gagnvart sjóðnum.

Bakábyrgð samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt

Réttindakerfi B-deildar LSR og LH er að hluta til byggt upp sem gegnumstreymiskerfi og að hluta með sjóðsöfnun. Þau réttindi sem sjóðfélagar ávinna sér eru mun meiri en hægt er að standa undir með

12% iðgjaldi. Vegna lokunar B-deildar LSR og LH fyrir nýjum sjóðfélögum og uppbyggingar réttindakerfis þeirra, lá fyrir að eignir til að mæta skuldbindingum myndu klárast á endanum. Eftir að sjóðunum var lokað hafa lífeyrisgreiðslur verið margfalt hærrí en hefðbundnar iðgjaldagreiðslur og hefur stærstur hluti af eignamyndun eftir það verið tilkominn vegna ávöxtunar, aukagreiðslna ríkissjóðs og uppgjörs á skuldbindingum. Þegar B-deild LSR og LH geta ekki lengur innt af hendi lífeyrisgreiðslur með tekjum sín- um og eignum reynir á bakábyrgð sjóðanna.

Áfallin bakábyrgð ríkissjóðs gagnvart B-deild LSR var

í árslok 2016 metin á 178,4 milljarða kr. eða 23,4% af áfallinni skuldbindingu sjóðsins. Eins og kemur fram í kaflanum um innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar hefur ríkissjóður greitt inn á skuldbindingar sínar við B-deild LSR umfram lagaskyldu. Þá kemur jafnframt fram að aðrar eignir sjóðsins en þær sem ríkissjóður og aðrir launagreiðendur hafa greitt inn aukalega eru nú uppnar. Í árslok 2016 námu uppfærðar innborganir ríkissjóðs 207,8 milljörðum kr. en án aukagreiðslnanna hefði bakábyrgð ríkissjóðs verið 386,3 milljarðar í árslok 2016. Ríkissjóður hefur því náð að fjármagna 53,8% af bakábyrgð sinni vegna áfall- inna skuldbindinga B-deildar LSR.

Hlutdeild ábyrgðaraðila í áföllnum skuldbindingum B-deildar LSR í árslok 2016

	Fjárhæð í millj. kr.	Hlutdeild	Uppsöfnuð hlutdeild
Hrein eign til greiðslu lífeyris	208.695	27,4%	27,4%
Endurmat á verðbréfaeign	1.329	0,2%	27,6%
Núvirt fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður	(9.630)	-1,3%	26,3%
Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur vegna lífeyrishækkana	382.842	50,3%	76,6%
Krafa á ríkissjóð vegna bakábyrgðar	178.430	23,4%	100,0%
Áfallin skuldbinding samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt	761.666	100,0%	

Hlutdeild ábyrgðaraðila í áföllnum skuldbindingum LH í árslok 2016


	Fjárhæð í millj. kr.	Hlutdeild	Uppsöfnuð hlutdeild
Hrein eign til greiðslu lífeyris	26.444	28,4%	28,4%
Endurmat á verðbréfaeign	15	0,0%	28,4%
Núvirt fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður	(1.171)	-1,3%	27,1%
Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur vegna lífeyrishækkana	54.250	58,2%	85,3%
Krafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur vegna bakábyrgðar	13.714	14,7%	100,0%
Áfallin skuldbinding samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt	93.253	100,0%	

Hjá LH hvílir ábyrgð á greiðslu lífeyris jafnt á öllum launagreiðendum vegna réttindaávinnslu starfsmanna þeirra. Ríkissjóður er aftur á móti bakábyrgur reynist einhver launagreiðandi ekki greiðslufær. Bakábyrgð launagreiðenda gagnvart LH var í árslok 2016 metin á 13,7 milljarða kr. eða 14,7% af áfallinni skuldbindingu sjóðsins. Ríkissjóður hefur greitt inn á skuldbindingar sínar við LH umfram lagaskyldu en í árslok 2016 námu uppfærðar innborganir 23,5 milljörðum kr. Án aukagreiðslna ríkissjóðs hefði bakábyrgð launagreiðenda verið 37,2 milljarðar kr. í árslok 2016. Ríkissjóður hefur því náð að fjármagna 63,2% af bakábyrgð launagreiðenda vegna áfallinna skuldbindinga LH. Þegar aðrar eignir LH en þær sem ríkissjóður hefur greitt aukalega til sjóðsins verða uppnar reynir á ábyrgð annarra launagreiðenda en ríkissjóðs á lífeyrisgreiðslum.


Framangreind bakábyrgð er vegna áfallinna lífeyris-skuldbindinga og tekur því ekki tillit til bakábyrgðar sem á eftir að myndast vegna iðgjaldagreiðslna í framtíðinni.

Á meðfylgjandi súluritum má sjá hvernig bakábyrgð ríkissjóðs hefur þróast undanfarin 10 ár og hvaða áhrif aukagreiðslur ríkissjóðs hafa haft. Bakábyrgðarkrafa á ríkissjóð vegna B-deildar LSR hækkaði um 38% á árinu 2016 og bakábyrgðarkrafa á ríkissjóð og aðra launagreiðendur vegna LH hækkaði um 33,9%.

LH – bakábyrgð ríkissjóðs og annarra launagreiðenda



B-deild LSR – bakábyrgð ríkissjóðs




Framtíðarsjóðstreymi

Tryggingastærðfræðingur sjóðanna hefur framkvæmt greiningu á framtíðargreiðsluflæði B-deildar LSR og LH. Reiknaðar hafa verið þær greiðslur sem sjóðirnir þurfa að greiða lífeyrisþegum í framtíðinni vegna réttinda sem þeir hafa áunnið sér og koma til með að ávinna sér fram að töku lífeyris. Greiðslur til lífeyrisþega í framtíðinni munu verða fjármagnaðar með eignum sjóðanna, sem eru annars vegar tilkomnar vegna aukagreiðslna frá ríkissjóði og hins vegar vegna iðgjaldagreiðslna og uppgjör á skuldbindingum. Þar að auki fá sjóðirnir greiðslur frá launagreiðendum vegna hlutdeildar þeirra í lífeyrisgreiðslum og munu fá greiðslur frá bakábyrgðaraðilum þegar eignir til greiðslu lífeyris verða uppnar. Miðað við fast verðlag munu lífeyrisgreiðslur sjóðanna ná hámarki eftir 6 ár. Greiðslur launagreiðenda vegna hlutdeildar í lífeyrisgreiðslum eru hins vegar í hámarki milli árana 2025 og 2029 en þær vega mun meira í framtíðarsjóðstreyminu en greiðslur vegna bakábyrgðar.

Til að greiða lífeyri hefur fyrst verið gengið á aðrar eignir en þær sem ríkissjóður hefur greitt aukalega til sjóðanna. Aðrar eignir B-deildar LSR voru uppnar í nóvember 2015 en samkvæmt framtíðarsjóðstreymi munu aðrar eignir LH einnig verða uppnar öðru hvorum megin við næstu áramót. Ef engar aukagreiðslur hefðu komið frá ríkissjóði hefði B-deild LSR verið komin í þrot og allar greiðslur sjóðsins þurft að koma úr ríkissjóði. Á árinu 2016 var gengið á inneign ríkissjóðs hjá B-deild LSR sem nemur 20,6 milljörðum kr.

Aukagreiðslur ríkissjóðs hafa styrkt fjárhagsstöðu sjóðanna verulega en vegna þeirra hefur tekist að fresta því til ársins 2027 að B-deild LSR komist í þrot. Frá og með árinu 2027 þarf ríkissjóður, að öllu óbreyttu, því að standa

Greiðslur til B-deildar LSR og LH vegna hlutdeildar launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum og bakábyrgðar árin 2017–2061 (á verðlagi ársloka 2016)



að fullu undir greiðslu lífeyris úr sjóðnum. Samkvæmt sjóðstreymisgreiningu verða greiðslur ríkissjóðs vegna bakábyrgðar að meðaltali 17,1 milljarður kr. á ári næstu 5 árin eftir að sjóðurinn tæmist, miðað við verðlag í árslok 2016, en fara svo lækkandi. Á sama tíma munu tekjur B-deildar LSR vegna hlutdeildar launagreiðenda í lífeyrisgreiðslum nema 18,5 milljörðum kr. á ári að meðaltali en stærstur hluti þeirrar fjárhæðar kemur úr ríkissjóði.

Að sama skapi hafa aukagreiðslur ríkissjóðs frestað því um rúmlega 10 ár að LH komist í þrot. Þegar eignir LH verða uppnar á árinu 2028 munu samsvarandi árlegar greiðslur til LH nema 1,7 milljörðum kr. vegna bakábyrgðar launagreiðenda og 2,6 milljörðum kr. vegna hlutdeildar þeirra í lífeyrisgreiðslum næstu 5 árin eftir að sjóðurinn tæmist, miðað við verðlag í árslok 2016.

Í þessum útreikningum er ekki gert ráð fyrir frekara aukaframlagi frá ríkissjóði, en gert er ráð fyrir að viðbótariðgjöld verði greidd áfram samhliða lögbundnum iðgjöldum um ókomna tíð.

Samkvæmt fjármálaáætlun sem ríkisstjórn Íslands hefur sett fram er áformað að greiða aukalega til B-deildar LSR og LH 5 milljarða kr. á ári næstu 5 árin frá og með árinu 2017. Áhrif aukagreiðslna draga úr greiðslum vegna bakábyrgðar í framtíðinni og myndu fresta því um rúmlega eitt ár að sjóðirnir tæmist. Til að tryggja að sjóðirnir geti staðið við skuldbindingar sínar á hverjum tíma með eignum sínum þyrftu árlegar aukagreiðslur frá ríkissjóði að vera 7,6 milljarðar kr. á ári næstu 30 árin, miðað við verðlag 2016.

Starfsfólk LSR



Fremri röð frá vinstri:

Dísa Björg Jónsdóttir
Berglind Sigurðardóttir
Guðfinna Oddsdóttir
Sólveig Heimisdóttir
Hulda Jakobsdóttir
Júlíana Björk Garðarsdóttir
Elísabet Þórey Þórisdóttir
Ása Hulda Oddsdóttir
Ragnheiður K. Finnbogadóttir

Þorbjörg Guðnadóttir
Elmar Eðvaldsson
Ágústa Hrönn Gísladóttir
Sunna Dögg Heimisdóttir
Anna Sigríður Arnardóttir
Þorkell Sigurgeirsson
Agni Ásgeirsson

Aftari röð frá vinstri:

Haukur Hafsteinnsson
Kristín Nielsen
Anna Sk. Gunnarsdóttir
Ingibjörg Thorarensen
Arnfríður Einarsdóttir
Regína Betty Hansdóttir
Ólöf Edda Eysteinsdóttir
Kristíanna Jessen
Bryndís Richter

Þóra Bryndís Árnadóttir
Ástey Gunnarsdóttir
Guðrún G. Baldvinsdóttir
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir
Anna Guðrún Jóhannsdóttir
Jónas T. Hallgrímsson
Anna Björk Sigurðardóttir
Anna María Elíasdóttir
Guðný Jónsdóttir
Ingunn Ragna Arnarsdóttir

Brynja Gunnlaugsdóttir
Harpa Dögg Kristinsdóttir
Ásgrímur Skarphéðinsson

Á myndina vantar:

Önnu Hugrónu Jónasdóttur
Björn Hjaltested Gunnarsson
Ernu Guðmundsdóttur
Írisi Guðmundsdóttur
Kristínu Kristjánsdóttur

Lilju Lind Pálsdóttur
Rakel Lind Hauksdóttir
Signýju Gísladóttur
Tinnu Ösp Skúladóttur
Þorbjörgu Sigurðardóttur
Þórunni Magnúsdóttur

Starfsmenn í fæðingarorlofi:

Hallfríður Kristjánsdóttir
Unnur Ósk Rúnarsdóttir

Ársreikningar sjóðanna



- ▶ [A-deild LSR](#)
- ▶ [B-deild LSR](#)
- ▶ [Séreign LSR](#)
- ▶ [Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga](#)



Overview 2016

The Pension Fund for State Employees (LSR)
The Pension Fund for Nurses (LH)

Appendix – LSR & LH

Role of the funds

The principal role of the Pension Fund for State Employees (LSR) and the Pension Fund for Nurses (LH) is to pay pensions to its members upon retirement and throughout their lives and to ensure their families with a pension following a loss of income due to an impaired ability to work or due to death. The funds receive contributions and invest them in order to meet their liability regarding old-age pension, disability pension, spouse's pension and children's

allowance. Furthermore, the funds grant loans against a mortgage to fund members and accept and invest voluntary pension savings. In 2016, LSR and LH had a total of 30,589 active members and 20,682 members received pensions and other benefits. The funds pay over one-third of all pensions and benefits paid by Icelandic pension funds. LSR operates in three divisions, divisions A and B, and a division for voluntary pension savings. All divisions have the same board but are financially separated from each other. LSR and LH

operate in close cooperation and share facilities and staff members.

Investment policy for LSR & LH

The investment policy is as shown below. It is reviewed at least once a year considering changes in market situations, laws and regulations. LSR and LH follow a strategic asset allocation policy that targets the percentage to be invested in each asset class.

	Division A			Division B			Division LH		
	Policy	Variation		Policy	Variation		Policy	Variation	
Cash	2%	0%	10%	3%	0%	10%	3%	0%	10%
Bonds	53%	40%	70%	52%	30%	65%	52%	30%	65%
Government bonds	28%	15%	45%	29%	20%	40%	32%	20%	40%
Municipal bonds	3%	0%	10%	4%	0%	10%	4%	0%	10%
Financial Institution bonds	4%	0%	10%	3%	0%	10%	5%	0%	10%
Mortgage bonds	13%	5%	25%	10%	5%	20%	5%	0%	10%
Other bonds	5%	0%	10%	6%	0%	10%	6%	0%	10%
Equities	41%	20%	50%	42%	25%	55%	42%	25%	55%
Domestic equities	14%	5%	25%	7%	5%	15%	7%	5%	15%
Foreign equities	27%	10%	40%	35%	20%	50%	35%	20%	50%
Other investments	4%	0%	10%	3%	0%	10%	3%	0%	10%
Purchase and management of residential property	0%	0%	1%	0%	0%	1%	0%	0%	1%
Total foreign investments	32%	20%	45%	39%	20%	50%	39%	20%	50%



Investments

Total net investments in the year 2016 were 36 billion ISK. The funds invested 19.6 billion ISK in bonds, 6.9 billion ISK in domestic equities and 12 billion ISK in foreign equities. Last year, net distributions from private equity and real estate funds were 2.5 billion ISK.


Net investments 2016

(m. ISK)	LSR	LH	Total
Government bonds	(11,551)	(225)	(11,776)
Municipal bonds	2,043	0	2,043
Financial Institution bonds	11,782	181	11,963
Member loans	14,447	(114)	14,333
Domestic bond funds	(2,895)	0	(2,895)
Bonds	19,661	-84	19,577
Domestic equities	6,763	121	6,885
Foreign equities	12,039	(42)	11,996
Equities	18,802	79	18,881
Private equity	(2,081)	(245)	-2,325
Real estate	(122)	(10)	(133)
Other investments	(2,203)	(255)	(2,458)
Total	36.260	-260	36.000


Total assets

In the year-end 2016 total assets in securities amounted to 742.2 billion ISK. Assets in bonds amounted to 417.2 billion ISK or 56.2% compared to 49% in the year-end 2015. Assets in domestic equities were 91.2 billion ISK or 12.3% of total assets compared to 14.1% in 2015. Assets in foreign equities were 159.1 billion ISK or 21.4% compared to 26.4% in 2015. Total assets in private equity and real estate funds were 22.4 billion ISK or 3% compared to 4.4% last year. Cash and deposits amounted to 52.4 billion ISK in the year-end or 7.1% of total assets.

Total assets 2016



Changes in asset allocation 2007–2016



Total assets 2016

(m. ISK)	Total			Proportion		
	LSR	LH	Total	LSR	LH	Total
Government bonds	264,793	7,866	272,659	37.0%	29.8%	36.7%
Municipal bonds	20,512	909	21,420	2.9%	3.4%	2.9%
Financial Institution bonds	17,830	317	18,147	2.5%	1.2%	2.4%
Mortgage bonds	467	0	467	0.1%	0.0%	0.1%
Member loans	68,409	1,615	70,024	9.6%	6.1%	9.4%
Other bonds	33,532	944	34,477	4.7%	3.6%	4.6%
Bonds	405,542	11,651	417,193	56.7%	44.1%	56.2%
Domestic equities	88,247	2,905	91,152	12.3%	11.0%	12.3%
Foreign equities	149,414	9,641	159,055	20.9%	36.5%	21.4%
Equities	237,661	12,545	250,207	33.2%	47.5%	33.7%
Private equity	21,115	796	21,911	2.9%	3.0%	3.0%
Real estate	474	35	509	0.1%	0.1%	0.1%
Other investments	21,589	832	22,420	3.0%	3.2%	3.0%
Cash	51,005	1,362	52,367	7.1%	5.2%	7.1%
Total	715,797	26,390	742,187	100%	100%	100%



Return and asset allocation

	LSR		LH	
	2016	2015	2016	2015
Return				
Nominal return	3.0%	8.7%	1.4%	7.4%
Net real return	0.8%	6.5%	-1.0%	5.1%
Average 5 year net real return	6.3%	6.5%	6.0%	6.6%
Asset allocation				
Cash	7.1%	6.1%	5.2%	6.5%
Bonds	56.7%	49.4%	44.1%	41.4%
Domestic equities	12.3%	14.3%	11.0%	9.9%
Foreign equities	20.9%	25.8%	36.5%	37.9%
Other investments	3.0%	4.4%	3.2%	4.3%



Foreign equities

LSR and LH cooperate with external managers for investments and custody of foreign equities. For risk diversification purposes, investments are diversified between several managers with different investment styles and strategies. The external managers are listed in a table on this page.

Funds / Segregated portfolios (LSR & LH) 2016

Segregated portfolios	m. ISK	%
Morgan Stanley	10,283	5.8%
EFG Global Equity	6,539	3.7%
ETF Credit Suisse	4,969	2.8%
Total	21,792	12.2%

Foreign equities – Funds

MFS FCP Global Equity	27,858	15.6%
Vanguard Global Stock Index	22,650	12.7%
Schroder Global Core	15,638	8.8%
Schroder Global Quant Value	11,319	6.3%
T. Rowe Price US Large Growth	9,479	5.3%
Other funds	50,319	28.2%
Total	137,263	76.9%

Private equity and real estate funds

Oberon Credit Investment Fund II	1,952	1.1%
AIP Private Markets Fund VI LP	1,580	0.9%
Schroder Private Equity III	1,430	0.8%
Oberon Credit Investment Fund III	1,331	0.7%
Morgan Stanley Emerging Private Markets	1,327	0.7%
Other funds	11,742	6.6%
Total	19,360	10.9%

Total	178,415	100.0%
--------------	----------------	---------------

The annual accounts of the funds



- ▶ The Pension Fund for State Employees (LSR)
- ▶ The Pension Fund for Nurses (LH)